Stórleikur í Rotterdam

Íslenska knattspyrnulandsliðið mætir því hollenska í kvöld. Leikmenn og þjálfari segja að allt þurfi að ganga upp ætli liðið sér að ná hagstæðum úrslitum.

EKVADOR
Suður-amerísk menningarhátíð
í Kópavogi 4.–12. okt. 2008
Skínandi Inkagull og frumbyggjalist
á sýningu í Gerðarsafni

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. október 2008 — 278. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Japanar ráðleggja aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Japanar ætla að leggja til að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komi Íslandi til aðstoðar. Tillagan verður kynnt á fundi sjö stærstu iðnríkja heims sem fram fer í Washington. Hugmyndin nýtur hljómgrunns hjá Samfylkingu.

EFNAHAGSMÁL Japanar ætla að leggja til að Alþjóðagjaldeyrisjóðurinn komi Íslandi til aðstoðar í efnahagskreppunni. Tillagan verður lögð fram á fundi G7 ríkjanna, helstu iðnríkja heims, sem nú er haldinn í Washington.

„Mig langar til að vita hvað það er núna sem þeir myndu geta hugsað sér að bjóða okkur, bæði hvers konar lán og á hvaða kjörum og með hvaða skilmálum ekki síst," sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á blaðamannafundi í gær, þegar hann var spurður um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hann sagði að engar ákvarðanir yrði teknar á meðan Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra væri staddur á fundi sjóðsins í Washington. Hann neitaði því að tilboði frá sjóðnum hefði verið hafnað á undanförnum vikum.

Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, segir vel koma til greina að leita til sjóðsins. Í sama streng tekur Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og segir aðkomu sjóðsins eina af þeim lausnum sem ræddar séu innan þingflokks Samfylkingarinnar og njóti nokkurs hljómgrunns. „Staðan er orðin svo alvarleg að það kemur sterklega til greina," segir Ágúst Ólafur. Hann telur að með því náist friður við alþjóðasamfélagið, aðgangur að gjaldeyri verði tryggður sem og flæði fjármagns í landinu.

Valgerður Sverrisdóttir, alþingismaður og fyrrverandi viðskipta- og utanríkisráðherra, segir að málið eigi að vinna áfram og íhuga skilyrðin vandlega.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri-grænna telur mikilvægast að reyna af meira kappi en fyrr að sækja aðstoð til norrænna frændþjóða. „Alls staðar þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefur borið niður hefur hann sett skilyrði um félagslegar breytingar og markaðslausnir. Það má eitthvað hafa breyst ef hann hefði uppi aðra stefnu hér," segir hann.

Ágúst Ólafur er ósammála Ögmundi. „Ég hef ekki áhyggjur af því að við myndum missa stjórnina á innlendu hagkerfi við það að fá aðstoð. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur mikið upp úr ráðleggingum innlendra aðila," segir Ágúst Ólafur. Ríkisvaldið kæmi með þeim hætti að hagstjórn í landinu. Hann leggur áherslu á að innviðir samfélagsins verði tryggðir. „Velferðarkerfið og Íbúðalánasjóður yrðu tryggir. Kröfur sjóðsins væru um aðgerðir sem við þyrftum hvort eð er að ganga í gegnum." - ikh /ss

LÍTILL DRENGUR Jóhann Vilhjálmsson, sonur Vilhjálms Vilhjálmssonar heitins söngvara, söng hið sígilda dægurlag Lítill drengur á minningartónleikum um Vilhjálm sem haldnir voru í nýjum sal Laugardalshallarinnar í gærkvöldi. Húsfyllir var í höllinni, en í ár eru liðin þrjátíu ár frá andláti Vilhjálms. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Efnahagsástandið:

Baugur og Green fundu með ráðherra

VIÐSKIPTI Forystumenn Baugs, ásamt Philip Green, einum umsvifamesta kaupsýslumanni Bretlandseyja, funduðu með Björgvini Sigurðssyni viðskiptaráðherra um hádegisbilið í gær. Að sögn Ingibjargar Pálmadóttur, stjórnarmanns í Baugi, var fundurinn haldinn að frumkvæði Green vegna efnahagsástandsins á Íslandi.

PHILIP GREEN

„Green er áhyggjufullur eins og allir. Hann er með þúsundir manna í vinnu, eins og við, og er mikið í mun að ekki fari illa því það gæti haft slæm áhrif. Hann vill leggja sitt af mörkum til að hjálpa," segir Ingibjörg. - kg

Sérfræðingar sem Fréttablaðið stefndi saman í gær sammála um um framtíðina:

Verðum að treysta hvert öðru

EFNAHAGSMÁL Sex fræðimenn og framámenn í atvinnulífinu sem Fréttablaðið safnaði saman til skrafs og ráðagerða segja tækifæri felast í gerbreyttu umhverfi en vandasamt sé að stýra samfélaginu í gegn um stöðuna sem nú er uppi. Bankarnir þurfi að byggja upp traust viðskiptavina að nýju.

Páll Skúlason heimspekiprófessor telur endurskipulagningu allrar starfsemi í landinu óhjákvæmilega. „Í slíkri endurskipulagningu felast gífurleg tækifæri," segir Páll.

„Við verðum að byrja að treysta hvert öðru sem allra fyrst," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „Við verðum að leita aðstoðar færustu sérfræðinga sem njóta virðingar erlendis. Þannig kaupum við okkur traust," segir Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur.

„Þegar á okkur standa spjót er langbest að snúa bökum saman," segir Svava Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík.

„Réttlæti er lykilatriði," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Þórhildur Þorleifsdóttir leiksstjóri er bjartsýn. „Til lengra tíma litið held ég að við eigum bjarta tíma framundan," segir hún. - bþs / sjá síðu 18 & 19

ALLIR BÍLAR Á EINUM STAÐ - Á KLETTHÁLSI

HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR

LAUGARDAGUR

TEMPÓ SNÝR AFTUR

Dóri og Toggi í Tempó í fyrsta sinn saman á sviði síðan 1980 á Players í kvöld.

FÓLK 26

HEIMILI&HÖNNUN

Bleika slaufan
-árveknisátak um brjóstakrabbamein
Söfnunarmarkmið 40.000 slaufur
% 20 40 60 80 100

VEÐRIÐ Í DAG



BJART SYÐRA Í dag verða norðvestan 3-8 m/s en 10-15 m/s austan til. Þurrt að mestu en dálítil væta um mitt landið norðanvert. Hiti á bilinu 2-10 stig, hlýjast suðvestanlands.

VEÐUR 4



SPURNING DAGSINS

Eirný, eru viðskiptin við Bretana ekki komin í osta-köku?

„Nei, nei. Þeir brosa bara og segja cheese!“

Eirný Sigurðardóttir býður upp á heimagerða osta, meðal annars frá Bretlandi, í Búrinu, nýrri ostaverslun sinni í Nóatúni.

Kaup Straums á dótturfélögum Landsbankans í Bretlandi ganga til baka:

Enginn undrast riftun kaupanna

VIÐSKIPTI Engum kemur á óvart að kaupum Straums á þremur einingum Landsbankans í útlöndum hafi verið rift.

Straumur sendi í gær tilkynningu um að hætt hefði verði við kaupin. Þegar þau voru kynnt, fyrir rúmri viku, sagði William Fall, forstjóri Straums, að í þeim fælust mikil tækifæri fyrir Straum.

Heimildarmenn Fréttablaðsins segja nú að eignirnar séu í raun verðlausar. Allar íslenskar eignir erlendis séu á brunaútsölu, eins og staðan sé nú. Þá hafi hvorugur aðilinn raunverulega getað staðið við það sem samið var um.

Straumur segir að ákvörðun breskra stjórnvalda um að frysta eigur Landsbankans ytra, sýni að Landsbankinn geti ekki staðið við söluna.

Eigurnar eru hins vegar á Írlandi, Frakklandi og víðar, en ekki eingöngu á bresku yfirráðasvæði.

Málið varðar 380 milljóna evra sölu Landsbankans á Landsbanka Securities, Landsbanka Kepler og 84 prósenta hlut Landsbankans í Merrion Landsbanki.

-msh, ikh

KAUPIN KYNNT William Fall kynnir kosti kaupa á einingum Landsbankans fyrir rúmri viku. Þeim hefur nú verið rift.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögregla höfuðborgarsvæðis:

Árásarmanna er enn leitað

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar enn tveggja manna sem eru grunaðir um rán og líkamsárás á Laugavegi um hálffjögurleytið aðfaranótt sunnudags.

Þá var karlmaður á sjötugsaldri barinn og rændur. Árásarmennirnir eru taldir vera á aldrinum 25 til 30 ára og af erlendu bergi brotnir. Síðar sömu nótt var tösku rænt af konu á þrítugsaldri sem var á gangi við Hverfisgötu. Þar var um tvo gerendur að ræða. Lögreglan handtók mann í fyrradag vegna rannsóknar málsins. Eftir yfirheyrslur var hann ekki talinn tengjast því og var sleppt. **- jss**

SVEINN M. SVEINSSON Leitar nú logandi ljósi að tveimur tonnum af þakplötum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bíræfinn þjófnaður:

Tveimur tonnum af þakplötum stolið

LÖGREGLUMÁL „Kannski leikur kreppan eitthvert hlutverk í þessu. Þetta er að minnsta kosti óvenju bíræfinn þjófnaður,“ segir Sveinn M. Sveinsson, einn af eigendum hesthúss sem er í byggingu á hinu nýja félagssvæði hestafélagsins Fáks í Almannadal. Tveimur tonnum af bárujárnsþakplötum, rúmlega sjö metrar að lengd, var stolið af svæðinu í fyrrinótt.

Sveinn segir fjárhagslegt tap upp á hálfa milljón króna fylgja þjófnaðinum. „Þessir menn hafa komið með kranabíl og gert þetta, enda engin smávegis þyngd á þessu. Hjólförin sjást vel,“ segir Sveinn. Hann hvetur alla sem geta hjálpað við að upplýsa málið til að hafa samband við lögreglu. - kg

Breski herinn:

Týndu gagnadiski enn á ný

BRETLAND, AP Enn einu sinni hefur gagnadiskur týnst í Bretlandi. Að þessu sinni er það breski herinn, sem hefur týnt diski með persónuupplýsingum um hundrað þúsund hermenn.

Í síðasta mánuði var gagnadiski stolið frá breska hernum, og fyrr á árinu var fartölvu með viðkvæmum persónuupplýsingum um nýliða stolið. **- gb**

Vonir kvikna aftur um kísilverksmiðju

Bæjaryfirvöld í Ölfuss hafa rætt við áhugasaman erlendan aðila um að reisa sólarkísilverksmiðju í Þorlákshöfn. Áformin eru þau sömu og hjá norsku fyrirtæki sem hætti við í sumar. Bæjarstjóri gagnrýnir umhverfisráðherra hart.

ATVINNUMÁL Bæjaryfirvöld í Ölfusi funduðu í gær með fulltrúum erlends fyrirtækis sem hefur áhuga á að reisa sólarkísilverksmiðju í Þorlákshöfn. Lýsti fyrirtækið yfir áhuga á að reisa jafn stóra verksmiðju og norska stórfyrirtækið REC Group hugðist byggja þar. Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi, gagnrýnir stjórnvöld hart og segir þau hafa staðið í veginum fyrir áformum norska fyrirtækisins. Þrjú fyrirtæki hafa lýst áhuga sínum á byggingu verksmiðju á stuttum tíma.

ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON

VILHJÁLMUR EGILSSON

Ólafur Áki segir að fundað hafi verið með erlendu fyrirtæki í gær en getur ekki gefið upp um hvaða aðila er að ræða, þar sem viðræðurnar eru trúnaðarmál. Áður hefur ítalska fyrirtækið Becromal sýnt því áhuga að koma hingað til lands en Ólafur Áki segir að um nýtt fyrirtæki sé að ræða sem vill reisa jafn stóra verksmiðju og norska fyrirtækið REC Group hugðist reisa hér, en það valdi þess í stað Quebec í Kanada undir starfsemi sína. Ólafur segir að norska fyrirtækið hafi ákveðið að hætta við uppbyggingu hér vegna þess að ekki fengust skýr svör frá umhverfisráðuneytinu um hversu langan tíma það tæki að ljúka umhverfismati vegna starfseminnar. „Þetta er fyrirtæki sem þarf ekki losunarkvóta og mengar ekki neitt og það er með ólíkindum að ákveðnir aðilar standi í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu.“ Aðspurður hvort hann beini orðum sínum til Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra segir Ólafur að „hún hafi ekki hjálpað til við atvinnuuppbyggingu hér í Ölfusi, svo mikið get ég sagt þér. Við erum sífellt að vinna að þessu máli en það er ekki auðvelt þegar pólitíkusar slá sífellt á puttana á okkur.“

ÞORLÁKSHÖFN Öll undirbúningsvinna vegna kísilverksmiðju hefur farið fram. Tilbúin er lóð fyrir vestan bæinn. Framleidd yrðu 25 þúsund tonn af kísil fyrir sólarrafala.

MYND/EINAR ELÍASSON

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að norska fyrirtækið hafi fengið þau svör frá umhverfisyfirvöldum að það tæki sex til átján mánuði að vinna umhverfismat vegna verksmiðjunnar. „Þetta voru ekki fagleg vinnubrögð. Við förum eindregið fram á að þetta endurtaki sig ekki.“

Um 300 manna vinnustað verður að ræða ef af verður, þar af verður rúmlega þriðjungur starfsmanna háskólamenntaður. Á byggingartímanum þyrfti um 500 starfsmenn til að reisa verksmiðjuna sem kostar um níutíu milljarða króna.

Ekki náðist í umhverfisráðherra við vinnslu fréttarinnar.

svavar@frettabladid.is

Tölvupóstur lesinn upp á Sky:

Kallaði Gordon Brown trúð

EFNAHAGSMÁL „Mér einfaldlega blöskraði þessi fréttaflutningur bresku pressunnar af málefnum Íslands,“ segir Rúnar Birgisson, umboðsmaður Megasar með meiru. Harðort tölvubréf eftir Rúnar, þar sem hann tekur upp hanskann fyrir land og þjóð, var lesið upp á Sky-sjónvarpsstöðinni í gær. „Brown is a clown“, er einkunnin sem Rúnar gefur forsætisráðherra Breta í bréfinu.

RÚNAR BIRGISSON

Rúnar segist af og til senda tölvubréf til ensku pressunnar. „Þeir kímdu góðlátlega þegar þeir lásu bréfið mitt upp, enda kurteisir menn. Þetta var bara persónulegt bréf með minni skoðun. Brown er með allt niður um sig í eigin ranni og reynir að veiða atkvæði með að ráðast á liggjandi þjóð.“ - kg

Þrír menn fyrir dóm:

Ákærðir vegna láts samlanda

DÓMSMÁL Þrír karlmenn á aldrinum 27 til 45 ára hafa verið ákærðir vegna dauðsfalls sem varð í íbúð við Frakkastíg í júní.

Mennirnir eru ákærðir fyrir brot gegn lífi og líkama er þeir létu farast fyrir að koma pólskum samlanda undir læknishendur er hann veiktist lífshættulega á mánudegi eftir að hafa hlotið höfuðhögg. Mennirnir voru allir staddir á Frakkastíg þegar atvikið varð. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús að morgni þriðjudagsins, þar sem hann lést skömmu síðar af völdum höfuðáverka sem hann hlaut við höggið. **-jss**

Fjölskyldu- og bjartsýnisganga FÍ

Komum full af bjartsýni og baráttuanda í létta fjölskyldugöngu Ferðafélags Íslands í neðst í Esjunni. Göngum á vit íslenskrar náttúru þegar á móti blæs. stað kl. 14 í dag frá bílaplaninu við Mógilsá.

Heitt kakó og bakkelsi.
Ókeypis þátttaka. Allir velkomnir.

Sjá www.fi.is

Forsætisráðherra Breta vill friðsamlega lausn og sendir fulltrúa sína til Íslands:

Geir fékk sáttabréf frá Brown

STJÓRNMÁL Geir Haarde forsætisráðherra barst í gær bréf frá Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands. Þar kveður við allt annan tón en í yfirlýsingum Brown í breskum fjölmiðlum undanfarna daga.

Brown segist vilja lýsa áhyggjum sínum af afleiðingum aðgerða íslenskra stjórnvalda í sambandi við íslenska bankakerfið en kveðst ánægður með að hafa heyrt af samtölum Geirs við breska fjármálaráðherrann.

Þrátt fyrir sáttatón í bréfi Browns ítrekaði Geir á blaðamannafundi í gær að honum hefði mislíkað ummæli og framganga Breta. „Það hefur enginn íslenskur ráðamaður haldið því fram að við myndum ekki standa við okkar skuldbindingar út á við,“ sagði Geir sem kvað íslensk stjórnvöld ekkert hafa á móti því ef Bretar kysu að fara með málið fyrir dómstóla. „En með sama hætti áskilja íslenskir aðilar sér að sjálfsögðu líka rétt til að fara með mál fyrir dómstóla ef það skyldi koma í ljós að bresk yfirvöld hafi með yfirlýsingum sínum eða aðgerðum brotið á íslenskum hagsmunum.“

Breski forsætisráðherrann segir sendinefnd embættismanna farna til Íslands til viðræðna. „Við vonum afar sterkt að það verði mögulegt að leysa þessa stöðu fljótt á uppbyggilegan hátt og á grunni samvinnu,“ segir í bréfi Gordons Brown. **- gar**



10 DOWNING STREET

10 October 2008

Dear Geir

I am writing to express my concern at consequences of the action taken by the Icelandic authorities in relation to the Icelandic banking system and my hope that this issue can be resolved as quickly as possible.

I was pleased to hear that you had a constructive telephone conversation with Alistair Darling yesterday and that officials from HM Treasury, the Bank of England, the Financial Services Authority and the Financial Services Compensation Scheme will visit Reykjavik for discussions today.

In view of our strong bilateral relations and the excellent relations among EEA States, we very much hope that it will be possible to resolve this situation rapidly and on a constructive and co-operative basis.

Yours sincerely

Gordon Brown

His Excellency Mr Geir H Haarde

BRÉF FRÁ BROWN Geir Haarde segir Íslendinga áskilja sér rétt til að leita til dómstóla hafi bresk stjórnvöld brotið á hagsmunum þeirra.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Kringlan

Opið 10–18

Kringlukast

« fimmtudag til sunnudags »

20-
50%
afsláttur af
nýjum vörum

NÝTT KORTATÍMABIL

KRINGLUKASTSBLAÐIÐ ER Á KRINGLAN.IS

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 10.10.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	110,66	111,18
Sterlingspund	187,78	188,7
Evra	149,74	150,58
Dönsk króna	20,116	20,234
Norsk króna	17,769	17,873
Sænsk króna	15,528	15,618
Japanskt jen	1,1182	1,1248
SDR	168,8	169,8

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 199,9866

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eftirspurn eftir flugi til útlanda hefur snarminnkað síðustu daga:

Fólk bókar sig enn til Íslands

UTANLANDSFERÐIR Eftirspurn eftir flugi til útlanda hefur snarminnkað á Íslandi undanfarna daga. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir hins vegar að bókunarstaðan erlendis hafi verið nokkuð góð. Ekki verði vart við að farþegar mæti ekki í flug.

„Fólk er ennþá að bóka sig til Íslands frá öllum okkar markaðssvæðum, jafnvel núna síðustu daga, bæði frá Skandinavíu, Bretlandi og Bandaríkjunum en þetta er náttúrulega mjög ótryggt ástand," segir Guðjón.

Hann bendir á að stjórnendur Icelandair hafi séð fyrir verulegan samdrátt, fyrst og fremst út af olíuverðshækkunum og því hafi framboðið í vetur verið skorið niður um 15-20 prósent. Guðjón segir spár um samdrátt nokkurn veginn hafa gengið eftir.

ÞJÓÐIN FLÝGUR MINNA „Við höfum séð Íslendinga ferðast minna," segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

„Miðað við spár hefur staðan verið ágæt. Við höfum séð Íslendinga ferðast minna en straumur ferðamanna hingað og yfir Atlantshafið er í þokkalega góðu standi miðað við allt," segir hann og telur ekki ljóst hvaða áhrif fjölmiðlaumfjöllun erlendis síðustu daga hafi.

„Við uppfyllum ekki þau afföll að 20-30 manns vanti í vélar," segir Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri Ferðaskrifstofu Íslands. „Salan hefur dregist saman síðasta hálfa mánuðinn en það er vel bókað í ferðir fram til jóla. Við gerum okkur grein fyrir að það verður samdráttur en við höfum ekki lokað öllum samningum fyrir næsta sumar og getum stýrt framboðinu." - ghs

Framkvæmdastjóri SA:

Lausn þarf um helgina

EFNAHAGSMÁL Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, segir að „neyðarköll" berist frá fyrirtækjunum í landinu vegna þess að fjármálaþjónustan sé ekki komin í lag, gjaldeyrisviðskiptin séu í lamasessi og vextir út úr öllum kortum.

Vilhjálmur segir að eignir fólks séu að brenna upp út af vöxtum. „Það bara verður að koma lausn um helgina," segir hann. „Fjármagnið hefur þurrkast upp þannig að þetta er allt mjög erfitt. Það verður að klára þessi IMF-mál svo að við getum fengið eðlileg gjaldeyrisviðskipti." - ghs

KRÓNAN Íslenska krónan er ódýrari í Bandaríkjunum en hér á landi.

Enn misgengi á krónunni:

Króna ódýr vestanhafs

VIÐSKIPTI Gengi krónu styrktist um 0,74 prósent og endaði gengisvísitalan í 199 stigum í gær. Kauphöllin hefur verið lokuð frá fimmtudegi, en á að opna á mánudag.

Nokkru munaði á genginu á gjaldeyrismarkaði líkt og í vikunni. Bandaríkjadalur kostaði 110,4 krónur á gjaldeyrismarkaði en 97,5 krónur hjá Kaupþingi. Svipaða sögu var að segja um aðra gjaldmiðla.

Gjaldeyrisreiknir tímaritsins Forbes sýndi allt aðra niðurstöðu en vestanhafs kostaði einn dalur 225 íslenskar krónur. - jab

Stjórn leikskólakennara:

Leikskólabörn eiga að fá frið

EFNAHAGSMÁL Leikskólakennarar hvetja starfsmenn leikskóla til að tryggja að börn hafi fullan og óskertan aðgang að leikskólanámi þrátt fyrir tímabundna fjárhagslega erfiðleika. Þetta kom fram í tilkynningu frá Stjórn Félags leikskólakennara í gær.

Leikskólastjórar eru hvattir til að vera á varðbergi og grípa inn í ef grunur er um að foreldrar neyðist til að segja upp leikskólaþvöl sökum fjárskorts. Minnt er á að leikskólinn sé griðastaður barna þar sem þau geta dvalið við leik og nám án þess að þurfa að hlusta á umræður eða verða fyrir áreiti af nokkru tagi vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem blasa við í íslensku efnahagslífi. - kdk

Vill fá erlendan banka til landsins

Halldór Ásgrímsson vill fá erlenda fjármálastofnun til landsins. Hann segir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn verða að koma að málum. Hann er hneykslaður á Bretum fyrir framgöngu þeirra og kallar eftir sérlögum um virkjanir.

EFNAHAGSMÁL Halldór Ásgrímsson, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, telur einboðið að stjórnvöld leiti til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hann segir að það sé nauðsynlegt við þær aðstæður sem nú eru uppi.

„Það er vond lesning að sjá hvað Seðlabankinn hefur leitað víða eftir lánalínum og aðstoð allt þetta ár án nokkurs árangurs. Ég tel nauðsynlegt að leita til sjóðsins við þessar aðstæður, enda er það hlutverk hans að koma til hjálpar. Menn kunna að óttast að hann setji ýmis skilyrði, sem hann mun vissulega gera, en það þarf hvort eð er að taka margar ákvarðanir sem munu leiða okkur inn í betri framtíð. Það er betra að hafa aðstoð við það."

Erlendir bankar eru í óðaönn að loka fyrir viðskipti við Ísland. Halldór segir mikilvægt að fá erlenda fjármálastarfsemi til landsins. „Það er mjög mikilvægt að erlendir bankar setji upp aðstöðu hér á landi; hvort sem þeir taka yfir aðstöðu sem er fyrir eða koma upp nýrri. Við höfum brennt allar brýr að baki okkur og þurfum að fá alþjóðlegar fjármálastofnanir sem njóta trausts.

Til lengri tíma litið liggja tækifæri fyrir þessar stofnanir hér á landi. Ráðamenn geta liðkað fyrir, en margir þeir sem staðið hafa í bankastarfsemi hafa góð sambönd og ættu að nýta þau."

Halldór segir einnig að íslensk stjórnvöld ættu að hefja viðræður við Evrópusambandið um aðild, í það minnsta um myntsamstarf. Það hafi að vísu ekki áhrif strax en gefi skýr skilaboð.

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Telur að Alþingi verði að setja sérlög um einstakar framkvæmdir í virkjana- og orkumálum. Ekki megi láta regluverk tefja fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Halldór segir að hjólum atvinnulífsins verði að koma aftur í gang og þar eigi hik ekki við. „Menn mega ekki vera hikandi í að koma af stað fjárfestingum í orkumálum og iðnaði og við getum ekki fest okkur í lögformlegu ferli sem tefur fyrir. Alþingi getur sett sérlög um ákveðnar framkvæmdir, líkt og gert var um Kárahnjúkavirkjun. Þingmenn geta tekið ákvarðanir á þessu sviði á sama hátt og stofnanir."

Harðorðar yfirlýsingar hafa borist frá breskum stjórnvöldum gagnvart Íslendingum og segist Halldór hneykslaður á þeim. „Menn hegða sér ekki svona, að fara í fjölmiðla með offorsi. Vel má vera að eitthvað hafi misskilist og eitthvað verið sagt klaufalega. En menn ráðast ekki á skip í sjávarháska og fara fram með slíku offorsi."

Halldór segir þetta munu breyta utanríkisstefnu þjóðarinnar. „Já vissulega, það er barnaskapur að halda annað. Þær þjóðir sem hafa staðið næst okkur lengi í öryggis- og varnarmálum hafa komið þannig fram. Fyrst Bandaríkjamenn, þegar þeir hurfu á brott með einhliða hætti, og nú Bretar."

kolbeinn@frettabladid.is

MÓTMÆLI 200 manns mótmæltu á Arnarhóli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Mótmæli á Arnarhóli í gær:

Um 200 kröfðust afsagnar

MÓTMÆLI Um tvö hundruð manns söfnuðust saman við styttu Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli í hádeginu í gær til að til að krefjast þess að stjórn Seðlabankans segði af sér. Hrafnkell Orri Egilsson, sem stóð að mótmælunum, sagði í samtali við Vísi.is að tímabært væri að þeir sem gert hefðu mistök öxluðu ábyrgð á ástandinu. Ástandið í gjaldmiðilsmálum væri grafalvarlegt og sorglegt væri að þjóðin hefði beðið skipbrot þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir. - kg

Svartur gjaldeyrismarkaður

Íslandi líkt við Zimbabwe

GENGISMÁL „Gjaldeyrisviðskipti á Íslandi minna nú helst á það sem tíðkaðist í Austur-Evrópu á Sovéttímanum," segir í finnska viðskiptablaðinu Taloussanomat. Blaðið varar þá sem leið eiga til Íslands við að kaupa gjaldeyri áður en lagt er af stað, því evrum megi annaðhvort skipta í íslenskar krónur á opinberu gengi, eða á öðru og betra óformlegu gengi. „Veltur þá allt á því að kunna að spyrjast fyrir," segir blaðið.

Blaðið hefur eftir finnskum ferðamönnum á Íslandi að hægt sé að greiða með evrum í verslunum, og þá sé hægt að prútta um gengið. Í öðru finnsku viðskiptablaði, Kauppalehti, var ástandinu á Íslandi líkt við Zimbabwe. -msh

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

VEÐUR BREYTIST Á MORGUN
Við fáum lægð upp að landinu úr suðri á morgun með úrkomu sunnan- og vestanlands í fyrstu en reikna má með úrkomu í flestum landshlutum annað kvöld. Á mánudag mun hlýna dálítið og úrkoman verður bundin við norðanvert landið en annars yfirleitt þurrt.



Á MORGUN
10-15 m/s S- og V-til, annars hægari.

MÁNUDAGUR
Breytileg átt, 3-8 m/s, stífari NA-átt vestast.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	15°
Billund	16°
Ósló	15°
Stokkhólmur	15°
Gautaborg	15°
London	18°
París	22°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	23°
Berlín	20°
Alicante	23°
Mallorca	25°
Basel	24°
Eindhoven	18°
Las Palmas	24°
New York	22°
Orlando	30°
San Francisco	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Velkomin í ILVA

Glæsileg húsgagna- og gjafavöruverslun

Síðasta helgi opnunartilboða

einfaldlega betri kostur

Jupiter. Stóll.
6.950,-
NÚ **4.950,-**

Udine. Stóll, leður.
9.950,-
NÚ **5.950,-**

Cebu. Stóll, reyr í setu/
krómfætur. 12.900,-
NÚ **9.900,-**

Vannes. Stóll.
13.500,-
NÚ **9.900,-**

Dave. Stóll, leður.
24.950,-
NÚ **12.450,-**

Inter. Stóll, semianilinleður.
54.950,-
NÚ **39.950,-**

© ILVA Ísland 2008

sparaðu allt að
50%
af völdum mottum

Blaze. Barstóll. Stillanleg hæð.
Sætishæð 56-80 cm. 14.950,-
NÚ **9.950,-**

Razor. Barstóll. Stillanleg hæð.
Sætishæð 53-80 cm. 17.500,-
NÚ **14.950,-**

Golia. Barstóll. Stillanleg hæð.
Sætishæð 54-80 cm. 39.950,-
NÚ **29.950,-**

VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust
lán til 6 mánaða

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
mánudaga - föstudaga **11-19** laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18**

Skoðaðu vörulistann okkar á www.ilva.is

KJÖRKASSINN

Telur þú að milliríkjadeila sé skollin á milli Íslands og Bretlands?

Já	64%
Nei	36%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hyggur þú á utanlandsferð í vetur?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Bakkabræður kaupa „barn“ sitt aftur til bjargar verðmætum eftir fall Kaupþings:

Þróunin þyngri en tárum taki

VIÐSKIPTI „Þróun mála er þyngri en tárum taki,“ segir Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu. Lýður og bróðir hans keyptu í gær Bakkavör út úr Existu fyrir 8,4 milljarða króna.

Þeir stofnuðu Bakkavör árið 1987 og hafa haldið um stjórnartauma síðan. Þeir lögðu Bakkavör inn í Meið, sem síðar varð Exista, fyrir sex árum.

Við þrot Kaupþings varð kjölfestueign Existu í bankanum að engu. Markaðsverðmætið nam 134 milljörðum.

Lýður segir hlutinn hafa verið skuldlausan og komi þrotið því ekki eins harkalega við Exista og annars væri. Höggið sé þó mikið og sárt sé að hugsa til taps annarra fjárfesta. Staða Existu sé óljós enda hafi gríðarleg verðmæti glatast. Jafnframt eigi Exista og tengd félög inneignir og afleiðusamninga upp á tugi milljarða hjá íslenskum bönkum, sem ekki hafa fengist greidd.

ÁGÚST OG LÝÐUR Sala Existu á Bakkavör var neyðaraðgerð til bjargar verðmætum hluthafa beggja félaga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lýður segir sölu Bakkavarar neyðarráð til bjargar verðmætum. Vegna stöðunnar dragi kaupin úr óvissu fyrir Bakkavör og hluthafa þess, svo sem stærstu lífeyrissjóðina. Exista hafi í vikunni selt stórar eignir, svo sem í norrænu fjármálafyrirtækjunum Sampo og Storebrand fyrir 210 milljarða. „Við vinnum að þessu dag og nótt,“ segir hann.

- jab

Byr tengist ekki Existu:

Staða Byrs sterk

VIÐSKIPTI Staða sparisjóðsins Byrs er „sterk, hvort heldur sem litið er til eiginfjárhlutfalls, lausafjárstöðu, eða hluts erlendra lána í starfseminni“.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem send var frá Byr í gær. Þar segir að misskilnings hafi gætt á ólíkri stöðu sparisjóðanna.

Tilefnið var umfjöllun Morgunblaðsins um áhrif erfiðleika Existu á stöðu tveggja sparisjóða. Þar var nöfnum Byrs og SPRON víxlað. Áréttað er að engin tengsl eru á milli Byrs og Existu.

„Að Byr standa fjórir sameinaðir sparisjóðir og hefur Byr talsverða sérstöðu að því leyti,“ segir í tilkynningunni. **- hhs**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

FORSÆTISRÁÐHERRA Geir Haarde gengur til fundar við fréttamenn í Iðnó í gær. Forsætisráðherra vonast til að gjaldeyrisviðskipti verði eðlileg eftir helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skammta gjaldeyri fyrir nauðsynjum

Seðlabankinn beinir því til bankanna að setja nauðsynjavörur í forgang við sölu erlends gjaldeyris. Forsætisráðherra vonar að ástandið lagist á mánudag. Stórkaupmenn hafa skilning á tímabundnum aðgerðum til verndar þjóðarheill.

EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn hefur sent viðskiptabönkunum tilmæli um að takmarka sölu gjaldeyris eftir forgangsflokkum. Ferðamenn á leið úr landi þurfa að framvísa farseðlum til að fá gjaldeyri keyptan.

Geir Haarde forsætisráðherra sagði í gær að Seðlabankinn væri „á fullu“ að vinna að því að fá gjaldeyri til landsins en kvaðst ekki vita hversu lengi þetta haftatímabil muni vara. „Vonandi sem allra styst og vonandi verður þetta komið í lag á mánudaginn,“ sagði Geir á blaðamannafundi í Iðnó.

Í tilmælum Seðlabankans eru nefnd dæmi um vörutegundir sem „gætu til dæmis verið“ í forgangsflokki. Eru það matvara, lyf, olíuvörur og opinber kostnaður erlendis. Eitt dæmi er nefnt um það sem bankarnir eiga ekki að nota erlenda peninga í. „Forðast ætti að nýta gjaldeyri sem kemur inn í bankana til fjármálatengdra gjaldeyrisviðskipta af neinu tagi,“ segir í tilmælunum.

Seðlabankinn ætlast þó ekki til að tíma sé ekki eytt í að eltast við einstaka vöruflokka heldur kröftunum einbeitt að háum fjárhæðum.

„Þar sem starfsmenn bankaútibúa þekkja best til sinna viðskiptavina væri eðlilegt að þeir hefðu með höndum mat á því hvort beiðnir um gjaldeyriskaup vegna innflutnings eru vegna nauðsynlegs innflutnings á vöru og þjónustu. Yfirmenn ábyrgðust sölu gjaldeyrisins og gætu leitað til Seðlabankans til að fá úrskurð ef vafi léki á nauðsyn,“ segir í tilmælunum þar sem þess er krafist að bankar sem njóta fyrirgreiðslu Seðlabankans geri honum „sundirliðaða grein fyrir öllum gjaldeyrisviðskiptum sínum í lok hvers dags.“

Skúli J. Björnsson, formaður Félags íslenskra stórkaupmanna, kveðst hafa skilning á tímabundnum aðgerðum Seðlabankans.

„Þegar gjaldeyrir er af svo skornum skammti hlýtur þjóðarheill að ráða og nauðsynjavörur á borð við mat og lyf settar í forgang. En auðvitað ber stjórnvöldum að sjá til þess að gjaldeyrisviðskiptin geti verið eðlileg. Til þess að erlendir aðilar treysti sér til að eiga viðskipti við Íslendinga er grundvallaratriði að menn geti greitt sínar skuldbindingar. Við trúum að þetta verði komið í eðlilegt horf strax í næstu viku,“ segir Skúli Björnsson.

gar@frettabladid.is

Heilbrigðisráðuneytið hefur farið yfir birgðastöðuna á lyfjum:

Þriggja mánaða lyfjabirgðir í landinu

HEILBRIGÐISMÁL Lyf ætti ekki að skorta í landinu á næstunni. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir að í heilbrigðisráðuneytinu hafi verið brugðist skjótt við alvarlegum atburðum í efnahagslífinu og farið hafi verið yfir birgðastöðuna í landinu. Vegna gjaldeyriskreppu eru öll innkaup mjög erfið þar á meðal á lyfjum.

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Guðlaugur segist hafa sent út tilkynningu til allra heilbrigðisstofnana í landinu snemma morguns á þriðjudag. Í henni var lögð áhersla á að erfiðleikar riðu yfir íslenskt þjóðfélag og voru allir heilbrigðisstarfsmenn hvattir til að hafa augun opin og gæta sérstaklega að fólki sem hætt væri við að lent gæti í erfiðleikum vegna ástandsins í fjármálaheiminum.

Tvö dreifingarfyrirtæki eru með yfir 90 prósent af öllum lyfjum í landinu. Eftir að farið hafi verið yfir birgðir hafi komið í ljós að þau eiga um og yfir þriggja mánaða lager af lyfjum.

Þá hafi Landlæknisembættinu verið falið að fylgjast með að tilmælum ráðuneytisins sé fylgt og mun ráðuneytið þess utan vera í daglegu, milliliðalausu sambandi

LYF Heilbrigðisráðherra hefur hvatt alla heilbrigðisstarfsmenn til að hafa augun opin og gæta að fólki sem á um sárt að binda.

við stofnanir á borð við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítalann, auk stofnana utan Höfuðborgarsvæðisins. **- kdk**

ALLIR PÚÐAR 20% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ: 479,-

KRÓNUKERTI 6 stk. 399,-

KUBBAKERTI 4 stk. 499,-

VEISLUKERTI 2 stk. 99,-

VERÐ FRÁ: 99,-

KERTAMARKAÐUR Í RÚMFATALAGERNUM!

ÞURRKGRIND: 2.490,-

ÁL-ÞURRKGRIND
Sem ryðgar ekki.

STEIKARFAT 2 STK. 1.990,-

HITAKANNA: 1.990,-

VERÐ FRÁ: 4.990,-

STÁLPOTTAR
Glæsilegir stálpottar með loki.
Stærð 9 ltr. Verð:..... **4.990,-**
Stærð 13,5 ltr. Verð:..... **5.990,-**
Stærð 19 ltr. Verð:..... **7.990,-**

20 HLUTA MATARSTELL 1.990,-

Aðeins ódýrari!

Þökkum kærlega fyrir frábærar móttökur við opnun á nýrri verslun okkar á Korputorgi!

U.Þ.B. 15% AFSLÁTTUR

KULDAGALLAR
ÁÐUR: 3.490,-
2.990,-

U.Þ.B. 50% AFSLÁTTUR

KODDI
ÁÐUR: 2.990,-
1.490,-

„ANATOMI“ KODDI
Stærð 50 x 70 sm.

U.Þ.B. 30% AFSLÁTTUR

KOMMÓÐA
ÁÐUR: 9.990,-
6.990,-

U.Þ.B. 20% AFSLÁTTUR

FATASKÁPUR
ÁÐUR: 12.900,-
10.900,-

40% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 9.990,-
5.990,-

„FLORA DANICA“ DÚNSÆNG
Frábær andadúnssæng fyllt með 60% hvítum andadúni.
Þyngd: 800g. Má þvo á 60°C. Stærð: 135 x 200 sm.

U.Þ.B. 25% AFSLÁTTUR

SÆNGURVERASETT
ÁÐUR: 1.990,-
1.490,-

U.Þ.B. 25% AFSLÁTTUR

KOJA
ÁÐUR: 16.900,-
12.900,-
Verð án dýnu og botna

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir fjármálaráðherra Bretlands?*

2 *Hvaða danska blað stóð fyrir fjársöfnun á götum Kaupmannahafnar Íslendingum til handa?*

3 *Fyrir hvaða liði töpuðu Haukar 35-29 í handknattleik?*

24 stundir lagðar niður og grundvöllur Fréttablaðsins og Morgunblaðsins styrktur:

Blöðin spara með sameiningu

FJÖLMIÐLAR Dagblaðið 24 stundir hefur verið lagt niður um leið og rekstur Fréttablaðsins og Morgunblaðsins er sameinaður undir merkjum útgáfufélagsins Árvakurs.

Með sameiningunni á að ná fram hagræðingu í prentun og dreifingu. Pósthúsið, dreifingarfyrirtæki Fréttablaðsins, fylgir þannig með inn í Árvakur.

Að sögn Einars Sigurðssonar, sem áfram verður forstjóri Árvakurs, var 22 starfsmönnum sagt upp á 24 stundum og á Morgunblaðinu í gær. Var þar um að ræða sölumenn, umbrotsmenn og blaðamenn. Einar segir hluta af 24 stunda hópnum fara til Morgunblaðsins og að engar frekari uppsagnir séu á döfinni.

DAGBLÖÐIN Í GÆR 24 stundir sem áður hét Blaðið kom út í síðasta skipti.

Kynna á nýja helgarútgáfu Morgunblaðsins í lok næstu viku en útgáfa Fréttablaðsins verður óbreytt. „Hins vegar erum við auðvitað alltaf að leita leiða til hagræðingar í rekstrinum," segir Ari Edwald, forstjóri 365.

Eftir sameininguna verður 365, núverandi útgáfufélag Fréttablaðsins, stærsti einstaki hluthafi Árvakurs með 36,5 prósenta hlut. Fyrir í hluthafahópi Árvakurs eru Valtýr ehf., Lyfjablóm ehf., Garðar Gíslason ehf. og félög í eigu Björgólfs Guðmundssonar. Eftir er að afla samþykkis Samkeppniseftirlitsins fyrir sameiningunni.

Einar segir félögin gera sér góða grein fyrir mikilvægi þess að tryggja áfram ritstjórnarlegt sjálfstæði blaðanna. **- gar**

SA biðlar til fyrirtækja:

Hlutastörf en ekki uppsagnir

EFNAHAGSMÁL „Ég vil hvetja forsvarsmenn fyrirtækja til að bjóða fólki hlutastörf í stað þess að segja því upp, ef tök eru á," segir Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins (SA).

Undanfarna daga hefur SA rætt við forsvarsmenn fjölmargra fyrirtækja. „Mörg eru í ágætis málum. Önnur standa frammi fyrir verulegum vandræðum. Sum voru þegar þjökuð vegna vaxtastigsins áður en þetta ástand skall á."

Könnun sem SA gerði fyrir rúmum mánuði sýndi að um 30 prósent fyrirtækja töldu sig eiga í fjárhagsvandræðum. **-hhs**

BREYTTIR TÍMAR Bankastjórar Landsbankans létu formlega af störfum í gær.

Stjórarnir Halldór og Sigurjón:

Formlega hættir

VIÐSKIPTI Bankastjórar Landsbanka Íslands hf., þeir Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason, hafa látið af störfum.

Í tilkynningu til fjölmiðla kemur fram að þeir hafi óskað eftir því að láta af störfum á fimmtudag. Skilanefnd hafi fallist á það.

Þeir munu áfram vera bankanum til ráðgjafar „í öllu því sem varðar að tryggja sem farsælasta umbreytingu á rekstri bankans" segir í tilkynningunni.

Halldór hefur verið bankastjóri Landsbankans frá árinu 1998. Sigurjón tók sæti honum við hlið árið 2003. **- hhs**

Efnahagsástandið kemur við marga:

Sálfræðiráðgjöf vegna kreppunnar

HEILBRIGÐISMÁL Sálfræðiráðgjöf fyrir fólk sem glímir við álagseinkenni eins og kvíða, depurð og sektarkennd vegna efnahagsástandsins var opnuð í gær.

Það er geðsvið Landspítalans sem stendur fyrir ráðgjöfinni, sem verður til húsa í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

Tveir sálfræðingar munu sinna þjónustunni.

Þá mun aðstoðarmaður sem svarar fyrirspurnum frá almenningi, bóka viðtöl og halda utan um önnur verkefni.

Fólk getur leitað til ráðgjafarinnar á virkum dögum milli klukkan níu og fjögur. Símanúmer ráðgjafarinnar er 458 9999. **- kg**

HEILSUVERNDARSTÖÐIN Sálfræðiráðgjöf fyrir fólk sem glímir við álagseinkenni og kvíða fer fram í Heilsuverndarstöðinni við Barónstíg.



Ábyrgjast þrjá fjórðu hluta

Ríkisábyrgð er þegar á minnst þriðjungi eigna peningamarkaðssjóða. Unnið er að útfærslu ábyrgðarinnar. Innistæður í bönkum og sparisjóðum eru tryggðar.

VIÐSKIPTI „Mjög góðar fréttir eru að stjórnvöld vinni að því að finna lausn á því hvernig hægt sé að tryggja meira en innlánin af kröfum sem peningamarkaðssjóðirnir eiga, þar sem stór hluti sparnaðar almennings liggur í þessum sjóðum," segir Aðalsteinn Egill Jónasson, dósent í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar.

Í neyðarlögum mánudagsins var kveðið á um að innistæður peningamarkaðssjóða væru tryggðar að fullu, en á fimmtudag lýsti viðskiptaráðherra því yfir að nú væri einnig unnið að því að tryggja eitthvað af öðrum eignum sjóðanna.

„Hugsanlegt er að ríkið ætli að ábyrgjast þær kröfur sem sjóðirnir eiga á bankana, en við verðum að bíða og sjá útfærsluna," segir Aðalsteinn. Þrot bankanna hefur vakið ótta um að kröfur peningamarkaðssjóða á fjármálastofnanir glatist. Um 22 prósent af eignum verðbréfasjóða landsmanna í formi ýmissa verðbréfa og krafna á fjármálastofnanir (sjá mynd).

Um þriðjungur eigna verðbréfa- og peningamarkaðssjóða eru hins vegar í formi innistæðna og ýmissa ríkistryggðra verðbréfa, þannig að ríkið er nú þegar í ábyrgð fyrir um þriðjungi eigna sjóðanna.

Yfirlýsing viðskiptaráðherra nær þó aðeins yfir peningamarkaðssjóði en ekki liggur fyrir hvernig eign Íslendinga skiptist á peningamarkaðssjóði og aðra verðbréfasjóði.

> Hugsanlegt er að ríkið ætli að ábyrgjast þær kröfur sem sjóðirnir eiga á bankana, en við verðum að bíða og sjá útfærsluna.
>
> **AÐALSTEINN EGILL JÓNASSON**
> DÓSENT Í LÖGFRÆÐI VIÐ HR

„Verið er að fara í gegnum grunngögnin til að greina á milli mismunandi tegunda verðbréfa- og fjárfestingasjóða," segir Jakob Gunnarsson hjá upplýsingasviði Seðlabankans. Hann segir að séreignarsparnaður Íslendinga dreifist sömuleiðis víða og nú sé unnið að því hjá Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum að greina tölurnar. Ráðamenn hafa ítrekað áréttað að allur séreignarsparnaður landsmanna sé að fullu tryggður.

Samkvæmt tölum Seðlabankans námu innlendar innistæður í bönkum og sparisjóðum landsins 1.289 milljörðum í lok ágúst 2008, en þær eru að fullu tryggðar. Þá nam sparnaður í öllum verðbréfasjóðum um 682 milljörðum króna í lok ágúst. Það skýrist eftir helgi hversu mikið af þessum eignum ríkið mun ábyrgjast. Samkvæmt útreikningum Markaðarins má áætla að ríkið sé nú þegar í ábyrgð fyrir 76,5 prósent af sparnaði landsmanna.

msh@markadurinn.is

GLITNIR

KÆRI VIÐSKIPTAVINUR

Við viljum þakka þá þolinmæði og þann skilning sem starfsfólki bankans hefur verið sýndur síðastliðna daga. Jafnframt viljum við minna á að almenn banka-starfsemi Glitnis verður óbreytt, útibú opin og hraðbankar.

ALLAR INNSTÆÐUR TRYGGÐAR

Ríkisstjórnin hefur áréttað að innstæður í innlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi eru tryggðar að fullu. Með innstæðum er átt við allar innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðudeildar Tryggingasjóðs innstæðueigenda tekur til.

„SPURT OG SVARAÐ“ Á GLITNIR.IS

Á vef okkar, **www.glitnir.is**, er búið að setja upp upplýsingasvæði og „**spurt og svarað**“ svæði sem miðlar upplýsingum og svarar áleitnum spurningum sem brenna á viðskiptavinum og almenningi.

Ef þú hefur frekari spurningar er þér líka velkomið að hringja í þjónustusímann **440 4000** og fá upplýsingar.

Kveðja,
starfsfólk Glitnis

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08.2070

NÝ OG GLÆSILEG EGG VERSLUN Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI

Tilboðin gilda í Skútuvogi laugardag og sunnudag eða á meðan birgðir endast

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana

ÍSLENSK KJÖTSÚPA
MEÐ BRAUÐI
190 kr
FRÁ KL. 11 ALLA HELGINA

ÍS
10 kr
ALLA HELGINA

NOTALEG HELGI
í Skútuvogi

4.988

Borvél
rafmagns, 500 VSH, taska og fylgihlutir
5245300

MJÚK OG KÓSÝ

Flísteppi
Microfiber, mjúk og kósý
5860427

999

Komdu og smakkaðu
FRÓN Hjarta smákökur

Á meðan birgðir endast

ALLIR FÁ GEFINS **HERSHEY'S** SÚKKULAÐI

3.990

Veggmálning
Gljástig 7
7119866-74

699
~~1.899~~

Rúllusett
+ 25 sm bakki
7014821

Allar
flíspeysur

20% AFSLÁTTUR

verð frá **1.299**

5.999
~~8.699~~

Pottasett
5 pottar
2009193

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig viljum við byggja upp á nýjan leik?

Hatrið er hitaeiningasnautt

JÓN KALDAL SKRIFAR

Einhver versta vika lýðveldistímans er nú að baki. Þótt lítil glæta virðist vera þessa dimmu daga, getum við að minnsta kosti huggað okkur við að það var fjármálakreppa sem reið yfir landið en ekki svartidauði, stórabóla eða móðuharðindi eins og forðfeður okkar þurftu að glíma við.

Ísland hefur verið í heimspressunni sleitulaust síðastliðna viku. Og fréttirnar hafa verið svartar. Allnokkur ár eru þó liðin frá því að fjármálalíf landsins beindi forvitni umheimsins að okkur. Sú umfjöllun þróaðist eitthvað á þessa leið: Fyrst vöktu miklir sigrar íslenskra banka og athafnamanna í útlöndum athygli og jafnvel aðdáun. Næst vöknuðu spurningar um hvernig þessi fámenna þjóð á hjara veraldar færi eiginlega að þessu? Þeim spurningum fylgdi vænn skammtur af tortryggni. Þegar hin alþjóðlega lánsfjárkreppa fór að hríslast um fjármálakerfi heimsins kom að þriðja kafla athyglinnar. Og það spratt ekki af góðu. Umsvif íslenskra banka voru orðin svo mikil miðað við baklandið, að afdrif þeirra í lánsfjárkreppunni þóttu geta orðið ákveðin vísibending um hvernig efnahag fjölmargra annarra landa myndi reiða af. Það var jafnvel talað um íslenska bankakerfið sem kanarífuglinn í búrinu í námugöngunum; ef fuglinn lifði væri öðrum óhætt.

Við vitum öll hvernig fór fyrir bönkunum. Og því miður bendir flest til þess að útlendir áhugamenn um örlög íslenska bankakerfisins hafi haft rétt fyrir sér. Aðrar þjóðir eru alls ekki óhultar. Eftir lokun markaða í gær beggja vegna Atlantshafsins, og víðar, liggur fyrir að stór hluti heimsins er á bjargbrún mestu efnahagskreppu seinni tíma.

Gríðarleg umræða er þegar hafin um hverjir bera ábyrgð á hruninu og þeim þrengingum sem eru framundan. Sú umræða einskorðast ekki við Ísland.

Hér á landi dynja þung orð á stjórnmálamönnum, bankamönnum og umsvifamiklum athafnamönnum. Það eru ekki ýkjur að nota orð eins og hatur í því samhengi. Að nefna sökudólgana og hella blóðugum skömmum yfir þá er vissulega ákveðinn þáttur þeirrar umræðu sem þarf að fara fram. En sá partur umræðunnar mun örugglega ekki færa okkur þau svör sem við þurfum mest á að halda núna.

Það er bráðamál fyrir samfélagið að við eyðum sem mestu af okkar kröftum til að bjarga sem flestum úr þeim eldum sem brenna. Það þarf að gerast hratt og af eins mikilli yfirvegun og er möguleg. Það þarf líka að hefja nú þegar umræðu um hvernig við ætlum að byggja upp athafnalíf landsins á nýjan leik. Það er risavaxið verkefni sem þolir ekki bið.

Við skulum gæta okkur á því að það eru engar hitaeiningar í hatrinu. Við munum ekki éta það þegar á reynir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Matvælaöryggi
Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, vinnur nú hörðum höndum að því að tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar og koma í veg fyrir að hér verði vöruskortur. Ekki er langt síðan hér á landi spunnust umræður um matvælaöryggi, eftir að bændaforystan, forseti Íslands, Vinstri grænir og fleiri bentu á að ekki væri hægt að ganga að því vísu. Innan raða Sjálfstæðisflokksins tóku menn fálega í slíkar hugmyndir; Árni Helgason, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins kallaði matvælaöryggi til dæmis „orðskrípi“ sem gengi út á háa tolla og „fyrirslátt hjá þeim sem vilja helst engar breytingar gera“. Nú er komið annað hljóð í strokkinn.

Einfalt mál
Geir Haarde forsætisráðherra fór yfir stöðu mála á fréttamannafundi í Iðnó í gær. Meðal þess sem bar á góma var mögulegt lán til að styrkja gjaldeyrisforða landsins. Spurður hvaðan þeir peningar ættu að koma stóð ekki á svari frá Geir: „Frá útlöndum.“

Skransölurnar
Á þessum stað í gær var vitnað í bókina Straumhvörf eftir Þór Sigfússon, frá árinu 2005, en þar er fjallað um íslensku útrásina. Þótt margt hafi farið öðruvísi en spáð var gekk sumt eftir, til dæmi þessi viðvörunarorð: „Hættan er sú að þegar vel hefur gengið í fjárfestingaverkefnum renni hreinlega æði á menn. Sjálfstraustið er orðið slíkt að svo virðist sem allt verði að gulli í höndunum á íslenskum athafnamönnum. Þegar þannig er komið kann of mikið sjálfstraust að leiða íslenska fjárfesta aftur á skransölur með kunnuglegum afleiðingum.“ Illu heilli reyndist Þór sannspár að þessu leyti.

bergsteinn@frettabladid.is

Kreppan, frjálshyggjan og framtíðin

STEFÁN SNÆVARR
Í DAG | Kreppan í Vesturheimi

Víða um lönd velta menn því nú fyrir sér hvort fjármálakreppan mikla sé frjálshyggjunni að kenna. Málsmetandi menn segja að gengið hafi verið of langt í að draga úr ríkis-„afskiptum“ af fjármálamarkaðnum vestanhafs, hann gerður of „frjáls“. Einstaka „frjáls“-hyggjumaður maldar í móinn og segir að vandinn stafi af því að markaðurinn hafi ekki verið nógu „frjáls“.

En mér er spurn: Hvers vegna verður þessi djúpa og alvarlega kreppa nú eftir þrjátíu ára frjálshyggjuvæðingu víða um lönd? Af hverju voru Vesturlönd að heita kreppulaus á ríkis-„afskipta“-árunum 1945-1980? Af hverju urðu miklar og alvarlegar kreppur á bandaríska fjármálamarkaðnum á árunum fyrir 1912, þegar ríkið skipti sér nákvæmlega ekkert af honum? Mikið hrun varð á fjármálamarkaðnum ameríska árið 1907 og kalla Kanar það „the panic of 1907“.

Bankakreppan íslenska

Víkur nú sögunni austur og norður á bóginn, að íslensku bankakreppunni sem nú ógnar framtíð þjóðarinnar. Það þótt íslenski markaðurinn sé nú „frjálsari“ en nokkru sinni fyrr. Ekki fór fyrir kreppum á ríkis-„afskipta“-árunum, ekki einu sinni á hinum vondu haftaárum. Við má bæta að ég tel frjálshyggju-mennskuna eiga mikla sök á kreppunni, Ísland er kannski ekki yfirgengilega markaðsvætt en allt of margir Íslendingar eru „frjálshyggnir“ um of. Margir af markaðsgerendunum íslensku hafa verið heilaþvegnir af frjálshyggju í viðskiptaháskólum, jafnt hérlendum sem erlendum.

Kaupsýslumenn þessir virðast hafa trúað í blindni þeim boðskap frjálshygguhagfræðinnar að fyrirtæki yrðu stöðugt að reyna að þenjast út annars væri voðinn vís. „Vogun(arsjóðir) vinna en tapa ekki“ hefði getað verið þeirra kjörorð. Milton Friedman sagði að einungis þau fyrirtæki sem stefndu að hámarksgróða og gæfu ekkert eftir myndu lifa af í samkeppninni, þess utan væri þessi sókn í hámarksgróða öllum til góðs, „græðgi er góð“. En hagfræðingurinn John Kay segir annað í bók sinni The Truth about Markets. Hann vitnar í rannsóknir á fyrirtækjum sem sýni að farsælustu fyrirtækin séu ekki ofurgráðug. Hann segir að sú óheillaþróun sem varð þegar forstjórar vestra fóru að semja um ofurlaun og allra handa fríðindi hafi orðið til þess að þeir hafi tekið mikið fé út úr fyrirtækjum sem þeir unnu hjá. Þetta sé ein ástæða fjármálakreppunnar á níunda tugnum og aðalástæðan fyrir hruni Enrons.

Þessir menn fóru eftir forskriftum Friedmans um að öllum sé fyrir bestu að einstaklingar á markaði hegði sér í samræmi við upplýsta eigingirni. Þessi „business“-skóla-mennska gegnsýrir íslenska „busi$$ness“-menn nema hvað eigingirnin vill verða með óupplýstara móti.

Mörg markaðskerfi!

Hvernig ber Íslendingum að bregðast við kreppunni? Væri ekki ráð að þeir drægu aðeins úr markaðsdýrkun sinni? Væri ekki ráð að íslenskir kaupsýslumenn hættu að fara eftir forskriftum, ættuðum frá Milton Friedman? Væri ekki ráð að Íslendingar reyndu að finna gerð markaðskerfis sem hæfir íslenskum aðstæðum í stað þess að stæla Ameríkumenn?

Fræðimenn á borð við áðurnefndan John Kay og heimspekinginn John Gray segja það hina mestu firru að aðeins ein gerð markaðskerfis virki. Hið árangursríka markaðskerfi Suður-Kóreu sé allt öðruvísi en hið ameríska og vel aðlagað kóreskum aðstæðum. Finnska útgáfan hæfir Finnum vel og svo framvegis.

Steingrímur Hermannsson hafði bæði á réttu og röngu að standa þegar hann sagði að önnur efnahagslögmál giltu á Íslandi en annars staðar. Hið rétta er að það eru ekki til nein efnahagsslögmál, aðeins þumalfingursreglur sem hæfa misvel á mismunandi stöðum á mismunandi tímum.

Höfundur er prófessor í heimspeki við Háskólann í Lillehammer.

Við getum þetta

UMRÆÐAN
Stefán Ólafsson skrifar um fjármálakreppuna

STEFÁN ÓLAFSSON

Þegar hamfarir ganga yfir er mikilvægt að skilja þá möguleika sem eru fyrir hendi. Grundvöllur samfélagsins á Íslandi mun standa áfram þótt fjármálayfirbyggingin sé hrunin og dragi annað með sér í fallinu. Sá grundvöllur er sterkur. Ég vil benda á nokkur atriði sem sýna að við eigum vel að geta staðið þetta af okkur og risið upp á ný.

8. Baggalútur - Ísland, ég elska þig
„Í senn angistarfullt, viðeigandi, hæfilega væmið, áminnandi og einstaklega þjóðlegt," eins og segir á heimasíðu Baggalúts, sem hefur aldrei verið eins nauðsynleg og akkúrat núna.

9. Flowers - Slappaðu af
„Þú skalt reyna að halda kjafti og slappa svolítið af," syngur fyrrverandi umboðsmaður hestsins. Kannski óþarfi að segja okkur að halda kj... en hitt er nauðsynlegt.

10. KK og Magnús Eiríksson - Óbyggðirnar kalla
Þær bæði kalla og eru ekki að fara neitt.

MAGNÚS OG KK Lagið Óbyggðirnar kalla er tilvalið til að þjappa Íslendingum saman þessi dægrin.

Rás 2 í faðmlögum

„Jú, hér eru bara allir að faðmast og það hrjóta ástarorð við hvert tækifæri. Þetta er jú bara það eina sem við getum gert í svona ástandi, að sýna hvert öðru ást og hlýju," segir Ólafur Páll Gunnarsson Popplandskóngur með meiru. Útvarpsfólkið hefur ekki farið varhluta af þeirri kreppu sem ríkir í íslensku efnahagslífi. Starfsmennirnir eru gjafmildir á faðmlög, faðma hver annan og jafnvel fá viðmælendur sem koma í útvarpið knús frá ástríku starfsfólki.

En það er ekki bara hlýja sem yljar útvarpsfólkinu í Efstaleitinu um hjartarætturnar. Ólafur viðurkennir að lagalisti stöðvarinnar hafi tekið hálfgerðum stakkaskiptum. „Ég man reyndar að þegar þetta fór að fréttast fyrst þá spilaði ég Highway to Hell. En núna – því lög öðlast einhverja meiri dýpt í svona ástandi – þá veltir maður því óneitanlega meira fyrir sér hvaða lög séu við hæfi og hver ekki."

Þannig hafa til að mynda gömul íslensk lög á borð við Stolt siglir fleygið mitt og Ísland er land þitt tekið að hljóma á öldum ljósvakans. Ólafur segir þetta enga tilviljun. „Við ætlum ekki að draga fólk ofan í svartnættið. Við ætlum bara að halda áfram að skemmta fólki." - fgg

FAÐMLÖG OG ÞJÓÐERNISLÖG Ólafur Páll segir starfsfólk Rásar 2 ekki vera nískt á knús og faðmlög og lagalisti stöðvarinnar hafi breyst í kjölfar kreppunnar.

Tempó snýr aftur í kvöld

Halldór Kristinsson og Þorgeir Ástvaldsson – betur þekktir sem Dóri og Toggi í Tempó – ætla í kvöld að troða upp saman í fyrsta skipti opinberlega síðan 1980. Það gera þeir sem sérstakir gestir hljómsveitarinnar Specials á Players í Kópavogi.

AFTUR Í TEMPÓ-PEYSURNAR, EN NÚ MEÐ HETTU Dóri og Toggi í Tempó saman í fyrsta skipti á sviði síðan 1980 í kvöld á Players. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hljómsveitin Tempó starfaði frá 1962 til 1969, en eingöngu á sumrin síðustu árin vegna þess að strákarnir vildu einbeita sér að náminu á veturna. „Við bjuggum allir í Vogunum og vorum byrjaðir tólf ára," segir Dóri. „Það var ekkert sjónvarp á þessum tíma og því meiri grundvöllur fyrir böll. Við fórum víða og fólk man enn þá eftir okkur þótt við höfum ekkert gefið út."

„Í fyrsta skipti sem við fórum út fyrir hverfið fórum við til Hafnarfjarðar," segir Þorgeir. „Þar var ungur drengur sem vildi ólmur gerast rótari hjá okkur, Björgvin nokkur Halldórsson. Okkur leist nú lítið á hann."

Dóri og Toggi eru sammála um að hápunktur ferilsins hafi verið upphitunin fyrir Kinks í Austurbæjarbíói 1965. „Strákarnir í Kinks voru eldri en við og Ray Davies elstur, sex árum eldri," segir Dóri. „Þeir fífluðust mikið nema Ray sem var þögull og sat oft og samdi lög í kjallaranum á Austurbæjarbíói. Hann var að spyrja okkur út í landið, hvað Íslendingar veiddu mikinn fisk og eitthvað svoleiðis. Við vissum náttúrlega lítið um það, 15–16 ára guttarnir!"

„Já, við kunnum náttúrulega ekkert í ensku á þessum tíma og sungum þessi kóverlög bara eins og páfagaukar. Kinksararnir hafa örugglega hlegið mikið að okkur. Við vorum með mörg Kinks-lög á prógramminu en það voru vinsamleg tilmæli að við slepptum því að spila þau. Kannski eins gott!"

En hvað ætla Dóri og Toggi Tempó svo að bjóða upp á í kvöld?

„Það verða bara nokkur lög af lagalista Tempós," segir Dóri og bætir við lúmskur: „Þetta er nú kannski bara byrjunin á einhverju sem vonandi mun gleðja Íslendinga. Þjóðin þarf jákvæða uppörvun á þessu karakters-skerpingartímabili, sem sumir vilja kalla kreppu."

drgunni@frettabladid.is

Látnir söngvarar í myndbandi

Nýtt myndband Egils Eðvarðssonar með myndum af söngvaranum Vilhjálmi Vilhjálmssyni og látnum samferðamönnum hans í tónlistinni var frumflutt á tónleikum til heiðurs Vilhjálmi í Laugardalshöll í gærkvöldi. Í myndbandinu koma 28 tónlistarmenn við sögu og undir myndunum hljómar lagið Söknuður, sem Vilhjálmur söng svo eftirminnilega.

EGILL EÐVARÐSSON Egill klippti saman myndband með myndum af Vilhjálmi og látnum samferðamönnum hans í tónlistinni.

„Þarna er verið að rifja upp að margir af okkar ástsælustu tónlistarmönnum eru fallnir frá, ekki bara Villi heldur mágur hans Svavar Gests, Ellý Vilhjálms, Guðmundur Ingólfsson, Rúnar Gunnarsson, Haukur Morthens, Pétur Kristjánsson og fleiri," segir Egill, sem var beðinn um að klippa saman myndefnið úr safni Ríkissjónvarpsins. „Ein uppáhaldsvinnan mín er að grúska í safni Ríkissjónvarpsins og rifja upp eitthvað. Þetta var í þeim hópnum. Ég held að þetta sé falleg minning og held hún eigi eftir að virka í svona stórum sal. Þetta er fólk sem allir þekkja og öllum þykir vænt um."

Egill stundaði á sínum tíma nám í Menntaskólanum á Akureyri með Vilhjálmi og spiluðu þeir saman í hljómsveitinni Busabandið. „Ég var sextán ára og kallaður til og beðinn um að koma í bandið. Þetta voru allt eldri strákar og ég spilaði með þeim heilan vetur."

Eftir að Egill lauk námi í MA og síðar í Myndlistarskólanum hóf hann störf hjá Sjónvarpinu og hitti Vilhjálm þá á ný í tengslum við upptökur á lögum hans. „Það þykir öllum vænt um Villa sem listamann, söngvara og tónlistarmann. Það voru forréttindi að vera vinur hans og kunningi," segir hann.

- fb

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

HOUSE BUNNY	kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	L
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	14
REYKJAVÍK-ROTTERDAM LÚXUS	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	14
BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
PINAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10.30	16
MAMMA MIA	kl. 1 - 5.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 1 - 3	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 1 - 3.30	L

5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

BURN AFTER READING	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	16
PINAPPLE EXPRESS	kl. 5.30 - 8	16
STEP BROTHERS	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	12
MIRRORS	kl. 10.20	16
RAFMÖGNUÐ REYKJAVÍK	kl. 10.15	L
BABYLON A.D.	kl. 5.45 - 8	16
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.30	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3.30	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

HOUSE BUNNY	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	L
HAMLET 2	kl. 6 - 8 - 10	7
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 6 - 8.20 - 10.30	14
BURN AFTER READING	kl. 8 - 10.15	16
MAMMA MIA	kl. 3.30 - 5.45	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

HOUSE BUNNY	kl. 8 - 10	L
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 6 - 8 - 10	14
MAMMA MIA	kl. 5.50	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	L

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Tilboð í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SÝNINGARTÍMAR

RIGHTEOUS KILL	kl. 6, 8 og 10	16
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6, 8 og 10	12
LUKKU LÁKI - Ísl. Tal	kl. 2(500), 4 og 6 (650 kr.)	L
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 2(800) og 4	L
MAMMA MIA	kl. 1.50(500), 4, 8 og 10	L

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI! TENGDU AUKAKRÓNUM!

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 2 - 8 - 10:10	VIP
QUEEN RAQUELA	kl. 8 -10:10	12
PATHOLOGY	kl. 8 - 10:10	16
WILD CHILD	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6:10	L
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 5:50	L
TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:50	VIP
SVEITA BRÚDKAUP	kl. 3:40 - 5:50	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 4	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30	L
STAR WARS	kl. 2	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
QUEEN RAQUELA	kl. 6 - 8 -10 DIGITAL	12
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 5:50 - 8:10 - 10:20	L
HAPPY GO LUCKY	kl. 8	12
DEATH RACE	kl. 10:20	16
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 1:40 - 3:50 - 6	L
WILD CHILD	kl. 3:50	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
GET SMART	kl. 1:40	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6 - 8 - 10:10	14
WILD CHILD	kl. 6	L
QUEEN RAQUELA	kl. 8	12
CHARLIE BARTLETT	kl. 10:10	12
MAMMA MÍA	kl. 3:50	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2	L
LUKKU LÁKI m/ísl. tali	kl. 2	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 4	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
RIGHTEOUS KILL	kl. 8 - 10	16
STAR WARS	kl. 2	L
WILD CHILD	kl. 4 - 6	L
QUEEN RAQUELA	kl. 8	12
BABYLON A.D.	kl. 10	16

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6 - 8 - 10:10	14
QUEEN RAQUELA	kl. 8	12
PATHOLOGY	kl. 10	16
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5:50	16
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
LUKKU LÁKI m/ísl. tali	kl. 2	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 4	L

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

SparBíó laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

Stórsýning

í Fífunni Kópavogi dagana 10. - 12. október 2008



25 ára afmælissýning Ferðaklúbbsins 4x4

- ✔ Öll jeppaflóran og sagan síðastliðin 25 ár. Sjón er sögu ríkari
- ✔ Fjöldi fyrirtækja sýna allt það nýjasta í jeppabreytingum og ferðabúnaði
- ✔ Stærsti jeppi landsins verður á svæðinu
- ✔ Miðja "Íslands" verður á sýningunni
- ✔ Dandalafínar veitingar

Opnunartími:

Föstudaginn	10. október	kl 18:00 - 22:00
Laugardaginn	11. október	kl 10:00 - 20:00
Sunnudaginn	12. október	kl 12:00 - 19:00

Aðgangseyrir 1000 kr. / Helgarpassi 1500 kr.
Frítt fyrir 14 ára og yngri (í fylgd með fullorðnum)

FERÐAKLÚBBURINN
4 x 4

>KSÍ lækkar miðaverð

KSÍ ákvað í gær að lækka miðaverð á landsleikinn gegn Makedónum sem fram fer næsta miðvikudag um 70-75 prósent. Þeir sem þegar hafa keypt miða á „gamla“ verðinu munu fá mismuninn greiddan hjá Knattspyrnusambandinu. Ekki er tekið fram í tilkynningu KSÍ hvort þessi breyting sé gerð vegna efnahagsástandsins eða vegna þess að illa gengur að selja á leikinn. Hægt er að kaupa miða á midi.is.

sport
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: VILL AÐ ÍSLENSKA LIÐIÐ NJÓTI ÞESS AÐ LEIKA GEGN HOLLANDI

Með stærri leikjum sem ég hef komist í tæri við

Það var létt yfir landsliðsþjálfaranum Ólafi Jóhannessyni á blaðamannafundi í Rotterdam í gær fyrir leik Íslands og Hollands á de Kuip-leikvanginum í kvöld.

„Ég hef bara ágætis tilfinningu fyrir leiknum og þetta er náttúrulega frábært tækifæri fyrir okkur Íslendinga að spila á móti jafn stóru og sterku liði og því hollenska. Ég vill að leikmenn mínir njóti þess að spila leikinn en fer jafnframt fram á að þeir verði kjarkaðir og þori að halda boltanum innan liðsins og vinni áfram með þá hluti sem við höfum verið að vinna með undanfarið. Það verður vissulega erfitt að gera það á móti jafn góðum fótboltamönnum og Hollendingar eru en ég hef fulla trú á því að við getum það og ég er ekkert hræddur við að fullyrða það hér með,“ segir Ólafur.

„Við verðum fyrst og fremst að spila agaðan og góðan varnarleik. Ég hef verið ánægður með að hingað til í keppninni höfum við aldrei verið sundurspilaðir, en ég er gríðarlega ósáttur með að við séum að fá mörk á okkur úr föstum leikatriðum. Við eigum ekki

að láta það gerast. Hollendingar eru vissulega meira sóknarþenkjandi heldur en varnarþenkjandi og sóknarfæri okkar liggja í því að þeir gleymi sér varnarlega. Ég er sannfærður um að við munum fá okkar tækifæri og þau verðum við að nýta,“ segir Ólafur.

Ólafur viðurkennir að tilhlökkunin hjá honum sjálfum fyrir leikinn sé meiri en oft áður.

„Það er nú yfirleitt þannig að næsti leikur er alltaf skemmtilegasti leikurinn. En þessi leikur er sérstakur og er nú einn af þeim stærri sem ég hef komist í tæri við og ég hlakka persónulega mjög til að takast á við þetta verkefni,“ segir Ólafur.

Hollenskir fjölmiðlamenn gerðu tilraun til þess að spyrja Ólaf út í efnahagskreppuna á Íslandi en það var fljótafgreitt af landsliðsþjálfaranum.

„Við erum hér mættir til þess að ræða um fótbolta. Ég á sjálfur enga peninga og hef engan áhuga á því að tala um peningamál,“ sagði Ólafur og málið var dautt.

GUNNLEIFUR Gæti fengið tækifæri í dag. Hann sést hér á æfingu í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTHAR

Gunnleifur Gunnleifsson:

Verðum að trúa

FÓTBOLTI „Það er frábært að vera kominn inn í þennan hóp og ég mun njóta hverjar einustu mínútu,“ segir markvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson.

„Æfingarnar hafa gengið vel og það er í raun einstakt tækifæri að fá að mæta svona stórri þjóð og maður finnur að tilhlökkunin er mikil innan hópsins. Það er bara mikilvægt að við höldum í trúna og einbeitum okkur að því sem við ætlum að gera og sjáum hvort við getum ekki fengið jákvæð úrslit út úr leiknum,“ segir Gunnleifur.

Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson er ekki búinn að gefa út hver mun standa í markinu í kvöld en „Hvort sem ég byrja eða Árni þá verðum við tilbúnir,“ segir Gunnleifur. - óþ

Getum náð góðum úrslitum

Landsliðsmennirnir Eiður Smári Guðjohnsen og Grétar Rafn Steinsson hafa báðir reynslu af því að spila í Hollandi. Þeir telja möguleika Íslands á góðum úrslitum í Rotterdam vera til staðar en segja að róðurinn verði þungur.

FÓTBOLTI Eiður Smári og Grétar Rafn leggja áherslu á að íslenska liðið haldi áfram að þróa leik sinn og hafi trú á því að liðið geti unnið hvaða mótherja sem er.

„Við þurfum að halda áfram á þeirri braut sem við vorum komnir á í upphafi riðilsins og ekkert missa sjálfstraustið þó svo að tapið gegn Skotum hafi vissulega verið svekkjandi. Fyrstu tuttugu og fimm mínúturnar í þeim leik eru samt líklega þær bestu sem liðið hefur spilað undanfarið,“ segir Eiður Smári.

Eiður telur að Ísland þurfi að ná sínum besta leik til þess að eiga einhvern möguleika gegn Hollandi.

„Hollendingarnir eru með besta liðið í riðlinum Það þarf allt að ganga upp hjá okkur til þess að við náum góðum úrslitum og þó svo að allt gangi upp hjá okkur gætum við endað tómhentir þegar upp er staðið. Við verðum samt að trúa því að við getum farið hvert sem er og náð góðum úrslitum.“

Grétar Rafn lék sem kunnugt er með AZ Alkmaar og spilaði þá nokkra leiki á de Kuip-leikvanginum. „Þetta er frábær leikvangur og það er einstök tilfinning fyrir leikmenn að spila þar þegar margir áhorfendur eru á vellinum. Það

GAMAN Í HOLLANDI Grétar Rafn Steinsson segir gaman að koma aftur til Hollands og fá að spila á de Kuip-vellinum á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓÞ

verður því okkar fyrsta verkefni að ná áhorfendunum niður á jörðina,“ segir Grétar Rafn.

„Hollendingar eru gríðarlega sigurvissir fyrir leikinn og fyrstu tuttugu og fimm mínúturnar verða gríðarlega mikilvægar. Við megum ekki fá á okkur mark snemma leiks því þeir pirrast eflaust mjög fljótt ef við höldum í við þá. Við þurfum því að vera fastir fyrir og leyfa villimanninum í okkur að brjótast fram. Við þurfum að espa þá upp og vera dálítið leiðinlegir og reyna að slá þá út af laginu. Við fáum alltaf okkar tækifæri, þá sérstaklega í föstum leikatriðum og þau verðum við að grípa þegar þau gefast,“ segir Grétar.

HOLLAND-ÍSLAND
ÓMAR ÞORGEIRSSON
skrifar frá Rotterdam
omar@frettabladid.is

SÍÐASTA MARKIÐ Ásgeir Sigurvinsson skoraði síðasta landsliðsmark Íslands í Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Leikir Íslands í Hollandi:

Allir leikir hafa tapast stórt

FÓTBOLTI Leikurinn í dag verður sjötti A-landsleikur Íslands í Hollandi en hinir fimm hafa allir tapast með þremur mörkum eða meira.

Markatalan er 2-23 Íslandi í óhag og sem dæmi hefur hollenski snillingurinn Johan Cruijff skorað fjögur þessara marka. Holland hefur unnið tvo síðustu leiki þjóðanna í Hollandi með markatölunni 3-0 en það eru jafnframt minnstu sigrar hollenska liðsins á Íslandi á heimavelli sínum.

Ásgeir Sigurvinsson og Elmar Geirsson hafa skorað einu landsliðsmörk Íslands á hollenskri grundu til þessa, Ásgeir skoraði úr vítaspyrnu í 1-4 tapi 31. ágúst 1977 og Elmar minnkaði muninn í 1-4 í sjö marka tapi 29. ágúst 1973. - óój

Pétur Pétursson kann vel við sig í Rotterdam:

Finnst ég vera kominn aftur heim

FÓTBOLTI Aðstoðarlandsliðsþjálfarinn Pétur Pétursson á góðar minningar frá de Kuip-leikvanginum þar sem Ísland mætir Hollandi í kvöld en þar lék hann við góðan orðstír með Feyenoord tímabilin 1978-1981 og 1984-1985.

„Mér finnst ég bara vera kominn aftur heim. Það er frábært að spila þarna og það er mikil upplifun fyrir hvaða leikmann sem er að koma þangað þegar þéttsetið er í stúkunum. Hávaðinn magnast alveg upp þegar áhorfendurnir byrja að öskra og ef menn mæta ekki tilbúnir á svona völl og í svona stemningu þá eiga menn að gera eitthvað annað,“ segir Pétur.

Pétur hefur verið vinsæll hjá hollenskum fjölmiðlum undanfarna daga en hann var þekktur fyrir að vera maður fólksins á tíma sínum hjá Feyenoord þar sem hann veigraði sér til að mynda ekki við því að fara alltaf með strætó á æfingar þrátt fyrir að vera ein stærsta stjarna liðsins.

„Það hentaði mér bara langbest að taka strætó á æfingar og ég kynntist þá líka mikið af góðu fólki og mikið af stuðningsmönnum. Ég finn nú ekkert fyrir því að vera þekkt andlit hérna núna nema innan um fjölmiðlamennina á hótelinu. Núna er maður bara gamall og kominn með gleraugu og ég get

HETJA Í HOLLANDI Pétur Pétursson er enn þekkt nafn í Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS MÁR EINARSSON

ekki ímyndað mér að nokkur maður þekki mig úti á götu,“ segir Pétur hlæjandi. - óþ

SPORT

Í DAG KL. 18:15

HOLLAND ÍSLAND

UNDANKEPPNI HM 2010

Í DAG KL. 16:15

ENGLAND – KASAKSTAN

ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 GETA NÚ NÝTT SÉR FRÁBÆRT KYNNINGARTILBOÐ Í BOÐI BAKHJARLA STÖÐVAR 2 SPORT

BÆTTU VIÐ STÖÐ 2 SPORT FYRIR AÐEINS

2.655 KR.*

SPORT

*Á mánuði miðað við tveggja mánaða bindingu.

Coca-Cola Iceland Express Skeljungur hf.

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

viðgerðarsett
7171126

2.999
~~3.995~~

Lekur þakið?

Vatnsþétt skyndiviðgerðarefni

Til nota á:

Þök, rennur, rennustein, rör, strompa, þakglugga ofl.

Loðir við:

Þakefni, filt, skífur, bárujárn, tjöru, malbik, hart PVC, pólýester, sink, ál, gler, flísar ofl.

- Til notkunar í hvaða veðri sem er
- Sprungulokun (2mm hámark)
- Mjög sveigjanlegt
- Þekur: 1,5 l/m²
- Styrkt með þráðum
- **Hægt að bera á blautt yfirborð**

1.999
~~2.795~~

1 ltr.
7171125

Hreinsið yfirborðið

Strjúkið með rökum svampi

Berið á



Húsasmiðjan
í heimabyggð

ALLIR HAUSTLAUKAR
30%
afsláttur
í verslunum
Blómavals

4 stk
Erika
999 kr
í verslunum
Blómavals

blómaval
heillandi heimur

899
~~1.495~~

Kastari
500W, á vegg
5880078

1.299
~~2.295~~

Sporjárnasett
Toolux, 4 stk,
6/12/18/24 mm
5008536

799
~~1.399~~

Skrúfjárnasett
Toolux, 6 stk, torx
5010008

2.799

Stingsög
DWT, 550W,
framkast
5245277

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana

Frábært pottasett

13.295
~~19.995~~

Pottasett
10 stk, nonstick
2100031

Hitachi
Power Box

HITACHI POWER TOOLS

19.995
~~29.995~~

Hitachi Power Box
Hleðsluborvél 12V, 3 stk rafhlöður, ljós og bitasett 31 stk, borasett 36 stk.
5247028

30% AFSLÁTTUR

8.745
~~12.495~~

Pottur
Með loki, 17 ltr.
2006025

30% AFSLÁTTUR

4.999
~~7.149~~

Pottur
Með loki, 14 ltr.
2006014

GÓÐ TILBOÐ UM LAND ALLT
Í HÚSASMIÐJUNNI

25% AFSLÁTTUR

Kastari
500W á fæti.
5880079

1.999
~~2.679~~

599
~~1.129~~

Hallamál
Komelon, 40 sm.
2 dropar.
5014024

Áltrappa
9 þrep.
Breið þrep
báðum megin.
5079098

16.995

Allar flíspeysur

20% AFSLÁTTUR

verð frá
1.299

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM FLÍSUM

4.499

Veggmálning Jotaplast
Venjuleg plastmálning með gljástig 7, beinhvít, 10 ltr.
7119800

MUNDU AÐ BERA Á FYRIR VETURINN! JOTUN Treolje er hægt að bera á allt niður í -5°C

Pallaolía
3 ltr
7049123-33-37

1.299
~~2.190~~

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

dagskrá

> Will Ferrell

„Mig langar að feta í fótspor Bill Murray. Ég ber mikla virðingu fyrir hæfileikum hans sem grínista en ekki síður fyrir afrekum hans í dramatískum leik. Ég vil eins og hann gera bæði stórar og litlar kvikmyndir, grín, drama, hvað sem er."
Ferrell leikur í myndinni Fréttaþulurinn Ron Burgundy (Anchorman: The Legend of Ron Burgundy) sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI SKAMMTAR SÉR UPPLÝSINGAFLÆÐIÐ SJÁLFUR

Græði heldur áfram að lækka á mörkuðum

Ég ætla að vona að þessi vika sé sú versta sem ég, sem Íslendingur, þarf að upplifa. Það sérkennilegasta við þetta allt saman er, að ef ég hefði til dæmis verið í sumarbústað og útilokað mig frá öllum fjölmiðlum, þá hefði ég ekki fundið fyrir neinu. Þá hefði ég horft út um gluggann á rokið, rigninguna, sólina, fjöllin og grasið. Allt hefði verið á sínum stað. Þetta ristir nú ekki dýpra en þetta, eftir allt saman.

En ég var ekki Gísli á Uppsölum heldur „vel upplýstur nútímamaður". Til þess einfaldlega að koma ofan í mig mat fyrir kvíðahnútnum skammtaði ég mér upplýsingar. Vonandi hlæ ég að þessu seinna. Þetta verður þá svona álíka hlægilegt og það þegar slökkviliðið var að sprauta „miltisbrandsbréfin" eftir 11. september.

Árum saman hafa dunið á mér upplýsingar sem ég hef engan áhuga haft á. Eitt línurit fer upp og annað niður. Jafnframt dynjandanum hefur mátt skiljast að þessar upplýsingar séu það sem mannkynið eigi að miða skap sitt og lífstilgang við. Ég hef blásið á þetta innantóma rugl. Og ég geri það ennþá, þótt erfitt sé.

GÍSLI Á UPPSÖLUM átti aldrei hlutabréf.

Að lokum langar mig til að birta þetta af bloggi Péturs Jónssonar (donpedro.medialux.com). Ég vona innilega að framtíðarfréttirnar verði svona: „Vináttuvísitalan hefur þotið upp um 38% síðan í gær, og hefur þar með slegið öll fyrri met ... Þjóðarsamstöðuindexið fór sömuleiðis upp um 12% í viðbót og hefur ekki verið hærra síðan Ísland tók fyrst þátt í Eurovision. Dyggðaindexið þaut almennt upp á mörkuðum hér heima sem erlendis og sjóðir byggðir á alvöru mannlegum gildum hafa skotist upp á stjörnuhimininn. Græði heldur áfram að lækka á mörkuðum og lítur allt út fyrir að lokað verði fyrir viðskipti með hana áður en langt um líður."

EKKI MISSA AF

▶ **16.10 England - Kazakhstan,** BEINT STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.05 Norbit** STÖÐ 2

▶ **20.10 What I Like About You** SKJÁRINN

▶ **20.10 Gott kvöld** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.00 Dagvaktin** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka. Skordýrin í Sólarlaut, Sögur frá Gvatemala, Skúli skelfir og Tobbi tvisvar.
09.59 Stundin okkar (e)
10.25 Kastljós (e)
11.00 Káta maskínan (e)
11.30 Kiljan (e)
12.15 Fingralangur faðir (Father Hood)
13.50 Íslandsmótið í handbolta kvenna Bein útsending frá leik FH og Vals.
16.00 Íslandsmótið í handbolta karla Bein útsending frá leik FH og Vals.
17.40 Táknmálsfréttir
17.50 Útsvar (e)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.45 Spaugstofan
▶**20.10 Gott kvöld** Þekktir tónlistarmenn koma í heimsókn og taka lagið með hljómsveit hússins sem Samúel Samúelsson í Jagúar stjórnar. Umsjónarmaður er Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.
21.00 Fréttaþulurinn Ron Burgundy (Anchorman: The Legend of Ron Burgundy) Bandarísk gamanmynd frá 2004. Aðalhlutverk: Will Ferrell, Christina Applegate, Paul Rudd og Steve Carell.
22.35 Bandarísk fegurð (American Beauty) Bandarísk bíómynd frá 1999. Aðalhlutverk: Kevin Spacey, Annette Bening og Thora Birch,
00.35 Syndir séra Amaros (El crimen del padre Amaro) (e).
02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.45 Cow Belles
08.15 Zathura. A Space Adventure
10.00 Everyday People
12.00 Fantastic Voyage
14.00 Cow Belles
16.00 Zathura. A Space Adventure
18.00 Everyday People
20.00 Fantastic Voyage
22.00 Everything Is Illuminated
02.00 I'll Sleep When I'm Dead
04.00 Everything Is Illuminated
06.00 My Baby's Daddy

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Hlaupin, Dynkur smáeðla, Funky Valley og Refurinn Pablo.
08.00 Algjör Sveppi
08.05 Louie
08.15 Lalli
08.25 Þorlákur
08.35 Sumardalsmyllan
08.40 Blær
08.45 Fífí
09.00 Hvellur keppnisbíll
09.15 Könnuðurinn Dóra
09.45 Hvolpurinn Scooby-Doo
10.10 Stóra teiknimyndastundin
10.35 Adventures of Jimmy Neutron
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.10 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.50 Bold and the Beautiful
14.15 ABBA. The Mamma Mia! Story Nýr þáttur þar sem við fáum að kynnast betur þessum vinsæla söngleik sem sýndur hefur verið fyrir fullu húsi á West End og um allan heim og er nú orðinn að einni vinsælustu söngvamynd allra tíma.
15.05 Sjálfstætt fólk (3:40)
15.40 ET Weekend
16.30 Sjáðu
16.55 Ríkið (7:10)
17.25 Dagvaktin (3:11)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Lottó
19.01 Veður
19.10 The Simpsons (9:20)
19.35 Latibær (9:18) Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ.
▶**20.05 Norbit** Eddie Murphy leikur hinn lítilláta Norbit sem er giftur skassinu Rasputiu, en vill nú komast í faðm æskuástarinnar Kate, sem er hins vegar í sambandi.
21.50 The Last King of Scotland Óskarsverðlaunamynd frá árinu 2006.
23.50 Primal Fear
01.55 Kingdom of Heaven
04.15 Dagvaktin (3:11)
05.30 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.35 Michael Jordan Celebrity Invitational
10.10 Inside the PGA
10.35 NFL deildin
11.05 F1. Við rásmarkið
11.45 Formúla 1 2008 Útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Japan.
13.30 Football Rivalries Barcelona vs. Real Madrid.
14.30 Undankeppni HM 2010 Útsending frá leik Noregs og Íslands.
▶**16.10 Undankeppni HM 2010** Bein útsending frá leik Englendinga og Kazakhstan.
18.15 Undankeppni HM 2010 Bein útsending frá leik Hollendinga og Íslendinga í undankeppni HM.
20.45 Box - Samuel Peter - Vitali Klitschko Bein útsending.
22.00 HM 2010 - Undankeppni Útsending frá leik Svíþjóðar og Portúgals.
23.40 Undankeppni HM 2010 Útsending frá leik Hollendinga og Íslendinga.
01.30 Undankeppni HM 2010 Útsending frá leik Englendinga og Kazakhstan.
04.00 Formúla 1 2008 Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Japan en baráttan í stigakeppni ökumanna er æsispenn-

SPORT 2 *enski boltinn*

13.50 Masters Football UK Masters cup er vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.
16.10 Premier League World
16.40 PL Classic Matches Everton - Liverpool, 2003. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
17.10 PL Classic Matches Chelsea - Tottenham, 2003.
17.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Tottenham og Aston Villa.
19.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Liverpool og Man. Utd.
21.00 PL Classic Matches Nottingham Forest - Man. Utd.
21.30 PL Classic Matches Arsenal - Leeds.
22.00 Masters Football

SKJÁREINN

09.50 Vörutorg
10.50 Rachael Ray (e)
11.35 Rachael Ray (e)
12.20 Rachael Ray (e)
13.05 Rachael Ray (e)
13.50 Rachael Ray (e)
14.35 Kitchen Nightmares (e)
15.25 Robin Hood (e)
16.15 Charmed (e)
17.05 Survivor (e)
17.55 Family Guy (e)
18.20 Game tíví (e)
18.50 Nokia Trends Lab Áhugaverðir þættir þar sem fjallað er um allt það nýjasta í tónlist, tísku, menningu og listum.
19.15 30 Rock (e)
19.45 America's Funniest Home Videos Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
▶**20.10 What I Like About You** (13:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Holly heimsækir Vince á spítalann eftir að hann lendir í bílslys. Eftir að Vince lendir í bílslysi.
20.35 Frasier (12.24) Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk. (e)
21.00 Eureka (e)
21.50 House (e)
22.40 Singing Bee (e)
23.40 CSI. New York (e)
00.30 Law & Order. Special Victims Unit (e)
01.20 Criss Angel(e)
01.45 The Eleventh Hour (e)
02.35 Bang Bang You're Dead (e)
04.05 Jay Leno (e)
04.50 Vörutorg
05.50 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 valið endursýnt efni liðinnar viku Sýnt á klst fresti til 12.15 daginn eftir
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

The Last King of Scotland

Seinni bíómynd kvöldsins á Stöð 2 er verðlaunamyndin margrómaða The Last King of Scotland. Þetta er sannsöguleg kvikmynd sem lýsir skelfilegu ástandi í Afríkuríkinu Úganda snemma á 8. áratug síðustu aldar. Idi Amin, nýkjörinn forseti, hélt þjóð sinni í heljargreipum með harðstjórn sem vart á sér fordæmi í samtímasögunni. Bandaríski leikarinn Forrest Whitaker fer á kostum í hlutverki Amins og hlaut Óskarsverðlaun fyrir árið 2007. Myndin segir frá ungum skoskum lækni sem þiggur starf sem einkalæknir fjölskyldu forsetans ásamt því að verða hans helsti ráðgjafi. Þannig upplifir hann frá fyrsta degi sturlun þessa alræmda ofbeldismanns sem átti eftir að fyrirskipa skelfileg fjöldamorð áður en hann var hrakinn frá völdum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Noregur - Ísland, BEINT

Stöð 2 sport 14.30

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta spilar sinn þriðja leik í undankeppni HM í dag þegar liðið heimsækir Hollendinga á de Kuip í Rotterdam. Íslenska liðið náði flottu jafntefli í Osló en varð síðan að sætta sig við tap á heimavelli á móti Skotum. Nú er að sjá hvort íslenska liðið ráði eitthvað við hið sterka og vel spilandi lið Hollands sem er sem stendur í 5. sæti á Alþjóðalega styrkleikalista FIFA. Fyrr um daginn er einnig hægt að fylgjast með Englendingum taka á móti Kasakstan í undankeppni HM en báðir þessir leikir eru í beinni á Stöð2 Sport.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Stef
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Í söguferð um Brasilíu
14.40 Stjörnukíkir
15.25 Lostafulli listræninginn
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Bláar nótur í bland
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Heimur óperunnar
19.50 Sagnaslóð
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Ísland og Evrópusambandið
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Hvað er að heyra?
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

15.30 Hollyoaks (31:260)
15.55 Hollyoaks (32:260)
16.20 Hollyoaks (33:260)
16.45 Hollyoaks (34:260)
17.10 Hollyoaks (35:260)
18.05 Help Me Help You (1:13)
18.30 Smallville (8:20)
19.15 The Dresden Files (9:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
20.00 Logi í beinni Spjallþáttur í umsjón Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
20.30 Ríkið (7:10) Þættirnir gerast á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega fólkið.
▶**21.00 Dagvaktin** (3:11) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
21.30 E.R. (5:25) Þættirnir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
22.15 The Daily Show. Global Edition
22.40 Smallville (8:20)
23.25 The Dresden Files (9:13)
00.10 E.R. (5:25)
00.55 The Daily Show. Global Edition
01.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

iNN

18.00 Hrafnaþing
19.00 Vitleysan
19.45 Af lífi og sál
20.00 Vangaveltur
21.00 Í nærveru sálar
21.30 Kristinn H.
22.00 Hrafnaþing
23.00 Neytendavaktin
23.30 Óli á Hrauni

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Pigerne Mod Drengene **11.35** Family Guy **12.00** Talent 2008 **13.00** Talent 2008 **13.15** The Nutty Professor **14.45** Naverne **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Der var engang.... **16.00** Når gorillaen er en chimpanse **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** SportNyt **17.05** Mr. Bean **17.30** Far, mor og bjørn - Villa uhygge **18.00** Hvem ved det! **18.30** Olsen-banden over alle bjerge **20.05** Miss Marple **21.40** Speedway **23.10** The Last Ride

NRK 1

09.15 Columbo **10.50** Kunnskapskanalen 2008. Hannah Arendt. Politikk og filosofi **11.25** Paul Potts - fra telefonselger til verdensstjerne **11.55** Nils og Ronny på vannvogna - en reise i blåkorsland **12.25** Fornebu inn for landing 10 år etter **13.05** Beat for beat **14.05** Michael Palins nye Europa **15.00** Oslo Horse Show **16.00** Kometkameratene **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lottotrekning **17.55** Kvitt eller dobbelt **18.55** Den store reisen **19.45** Sjukehuset i Aidensfield **20.35** Løvebakken **21.00** Kveldsnytt **21.20** Bee Season **23.00** Singel i L.A.

SVT 1

10.15 Folk i bild 2008 **10.30** Tennis. Stockholm Open **15.05** Morgonsoffan **15.35** Byss **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Pomos piano **16.45** Pettson & Findus **17.00** Eva & Adam **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Tillsammans för Världens barn **20.00** Brottskod. Försvunnen **20.45** Videokväll hos Luuk **21.15** Motorsport **22.00** Gattaca **23.45** Sändningar från SVT24

Guðlaug Jónsdóttir húsmóðir í Vesturbænum:

Ruslapokarnir björguðu lífi mínu

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþ

Zoltan Belan

Pokasa

Í nútíma þjóðfélag
neysluvenjur og au
neytenda á sífellda
leiðenda að breyttum
Æ styttri líftími vöru
stöðugrar vöruþróunar
sýni fyrirtækja.
Þar getur umbúðaþáttur
að afgerandi samkeppnis
er boðið er upp á aukin
danot og aðlaðandi f
ningu vörunnar.
leiðandi fyrirt
plastumbúð
Einnig
vöru
Plastp
að bjóða
vörur og
ströngustu
samkeppnish
Með þetta að
Plastprent hf. á
að nýta nýjustu a
við framleiðslu sína
því að vera stöðugt í far
í vörugæðum og þjónustu.
gæðakerfi samkvæmt ISO-
9001 staðlinum staðfestir vilja
fyrirtæksins til að ná hámarks-
gæðum í framleiðslu og þjónustu.
Í nútíma þjóðfélagi kalla breyt-

Halldór Halldórsson:

Þvílíkur sparnaður

Í nútíma þjóðfélagi kalla breytt
tenda á sífellda aðlögun fra
Æ styttri líftími vöru kr
fyrirtækja.
Þar getur umbúð
boðið er upp á auk
nar. Plastprent hf.
og plastfilma. Einn
endursölu. Plastpre
sínum vörur og þjónu
amkeppnishæft verð
eð þetta að leiðarljós
ta nýjustu aðferðir o
stöðugt
kvæmt
rks
m
staðfestir vi
til að ná hámarks
framleiðslu og þjónustu.
ma þjóðfélagi kalla breyt-
tar neysluvenjur og auknar

uknar kröfur ney-
ilyrðum.
framsýni
forskoti er
vörun-
ða
og
um
og
ð
b
Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja.
Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskoti er boðið er upp á aukin neytendanot og aðlaðandi framset-
vörunnar. Plastprent hf. er
rirtæki í framleiðslu

irnar“.

félagi kalla breyttar
r og auknar kröfur
sífellda aðlögun fram-
ð breyttum skilyrðum.
líftími vöru krefst
ar vöruþróunar og fram-
yrirtækja.
getur umbúðaþátturinn orðið
afgerandi samkeppnisforskoti
er boðið er upp á aukin neytendanot og aðlaðandi framset-
ngu vörunnar. Plastprent hf. er
ndi fyrirtæki í framleiðslu
nbúða og plastfilma.
ður fyrirtækið skyldar
sturs og endursölu.
leggur áherslu á
skiptavinum sínum
jónustu sem mæta
stu kröfum um gæði og
ppnishæft verð.
þetta að leiðarljósi hefur
astprent hf. ávallt kappkostað
að nýta nýjustu aðferðir og tækni
við framleiðslu sína og stefnir að
því að vera stöðugt í fararbroddi
í vörugæðum og þjónustu. Vottað

Guðrún Einarsdóttir:

Miklu Meira magn á rúllunni!!!!

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskoti er boðið er upp á aukin neytendanot og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur

Gy Sól Samúelsdóttir:

Pottþéttir í skúffuna

MIKLU MEIRA MAGN

Plastprent hf.

auglýsing /Ó1 12055

Fossháls 17-25 | 110 Reykjavík | Sími: 580 5600 | Fax: 580 5690 plastprent@plastprent.is | plastprent.is

PERSÓNAN

Birgir Ísleifur Gunnarsson tónlistarmaður

Aldur: 28 ára.
Starf: Tónlistarmaður.
Fjölskylda: Er í sambúð með Heiðu Kristínu Helgadóttur og við eigum saman tvo stráka, Benedikt Espólín, þriggja ára, og Snorra Espólín, sjö vikna.
Búseta: Við búum á Holtsgötunni í 101 Reykjavík.
Stjörnumerki: Ljón.

Birgir er söngvari hljómsveitarinnar Motion Boys sem gaf nýverið út plötuna Hang on.

Bestu menn Spaugstofunnar á flot dregnir

„Jú, það er mikið að gera hjá Erni [Árnasyni]. Haarde kemur við sögu. Dabbi líka, Já já, og Bubbi. Þannig að það koma þarna við sögu allir bestu menn Spaugstofunnar," segir Spaugstofumaðurinn Pálmi Gestsson.

Spaugstofan er að vanda með þátt í kvöld og er nokkur vandi á höndum. Þung ábyrgð hvílir á þeim. Að lyfta geði þjóðarinnar á þessum erfiðu tímum. Pálmi gerir ekki lítið úr því. Segir Spaugstofumenn gera allt sem í þeirra valdi stendur til að standa undir þeirri ábyrgð. „Við ætlum að gera það. Nei nei, þjóðinni er kannski ekki hlátur í huga og ef til vill verður erfitt að kveikja á grínninu. En nú verða allir að finna til ábyrgðar sinnar gagnvart náunganum og reyna að létta hver öðrum lífið eins og hægt er. Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott," segir Pálmi. Hann gerir ekki lítið úr því að grínurunum hafi verið nokkur vandi á höndum. Og atburðarásin hröð. „Þegar ástandið var orðið svona urðum við nokkuð hugsi og veltum því mikið fyrir okkur hvernig við gætum tekið á málunum. Ákváðum svo að gera þetta á eins jákvæðum nótum og hægt er. Án þess að ráðast á einn eða neinn... sem við náttúrulega gerum aldrei hvort sem er."

Spurður hvort það sé ekki óðs manns æði að ætla að nálgast atburði líðandi stundar á jákvæðum nótum segir Pálmi ekkert tjóa að láta sem enginn sé morgundagurinn. Spaugstofan ætlar meðal annars að vekja athygli á jákvæðum hliðum kreppunnar en allir hafa þeir Spaugstofumenn lifað tímana tvenna. „Jú, jú, jú, jú, en við ætlum að leggja okkar af mörkum til að lyfta þjóðinni andlega upp úr öldudalnum," segir Pálmi Gestsson. **- jbg**

SPAUGSTOFAN Það er ekkert grín að grína á þessum síðustu og verstu en Spaugstofan gengst við ábyrgðinni.

ILMUR Í GÓÐUM HÓPI Leikkonan segist alvarlega vera að velta því fyrir sér að flytja til Afríku eftir dvölina í Mósambík.

ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR: INNBLÁSIN EFTIR VIKUDVÖL Í MÓSAMBÍK

Varð sorgmædd við að koma aftur heim til Íslands

„Ég var búin að hlakka mjög mikið til að þessi dagur rynni upp. Þetta hefur eiginlega verið fáránleg törn," segir Ilmur Kristjánsdóttir leikkona. Á föstudaginn í síðustu viku frumsýndi Ilmur söngleikinn um Janis Joplin. Leikkonan gat þó ekki staldrað lengi við í frumsýningarpartýinu því strax á laugardagsmorgninum hélt hún áleiðis til höfuðborgar Mósambík, Mapútó en ferðalagið þangað tekur um einn og hálfan sólarhring. Þar dvaldist hún á vegum UNICEF ásamt sjónvarpskonunni Evu Maríu Jónsdóttur og tók upp efni fyrir dag rauða nefsins. Tíminn var ekki alveg á bandi Ilmar í ferðalaginu því hún kom heim á fimmtudaginn, aðeins skömmu fyrir aðra sýningu á Janis og slíkur var hamagangurinn í öskjunni að hún var sótt út á völl af óperustjóranum, Stefáni Baldurssyni.

Ilmur hafði því litla hugmynd um hvað hafði gerst á Íslandi á meðan hún var stödd í Afríkuríkinu. Hún týndi þannig ferðatöskunni sinni á Heathrow og fór með Visa-kortið í verslanir fríhafnarinnar og bætti sér aðeins upp tapið úr fataskápnum. „Ég hélt náttúrulega bara að gengið væri í 110 krónum en las síðan um það á leiðinni heim að það væri í kringum þrjú hundruð krónur."

Ilmur er þó ekki mikið að kippa sér upp við þau tíðindi enda nýkomin frá landi þar sem aðstæðurnar eru mun verri. „Mér fannst þó yndislegt að vera þarna. Því þótt aðstæðurnar hafi verið skelfilegar þá var fólkið svo yndislega jákvætt og brosmilt. Ég varð í raun ekkert sorgmædd fyrr en ég kom heim og heyrði af ástandinu hérna," útskýrir Ilmur. Hún viðurkennir að hafa smitast alvarlega af svokallaðri Afríku-veiki. „Ég er alla vega alvarlega að velta því fyrir mér hvernig ég geti komið mér þangað aftur og búið með fjölskyldunni minni," útskýrir Ilmur í fullri alvöru.

Hún segist í raun koma innblásin frá örbirgðinni í Mósambík. Henni finnst auðvitað erfitt að hljóma eitthvað spekingslega, nú þegar fólk er að missa vinnuna sína og ævisparnað. „En ég held að innst inni hafi fólk verið að bíða eftir því að þetta myndi springa í andlitið á okkur. Og nú held ég að það sé kærkomið tækifæri til að sýna okkar innri mann." **freyrgigja@frettabladid.is**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Víst er að **Sigurður Einarsson** og þeir Kaupþingsmenn hugsa **Gordon Brown** og **Alistair Darling** þegjandi þörfina. Það gerir einn nýjasti hluthafi Kaupþings og einn af stærstu eigendum þar til fyrir skemmstu, **Sjeik Mohammed Bin Khalifa Al-Thani**, bróðir emírsins af Katar. Hann greiddi 25 milljarða fyrir fimm prósenta hlut í Kaupþingi – hlutur sem nú er að engu orðinn. Al-Thani mun nú vera að safna liði meðal olíuríkja, liði sem hefur ekkert gott í hyggju þegar breskt fjármálakerfi er annars vegar. Íslendingar eru ekki einir í þessu stríði við Breta.

Fjármálahamfarirnar setja ýmsar fyrirrætlanir í sérkennilegt ljós. Þannig mun löngu ákveðið að starfsmenn eins útibúa Kaupþings færu í skemmtiferð yfir helgi til Kaupmannahafnar. Þeir eru þó tvístígandi þessir tólf sem eru að fara nú í dag, telja það sérkennilegt í ljósi síðustu atburða, en láta sig þó hafa það. Enda ferðin að fullu greidd og hótelherbergi á Admiral sem er með flottustu hótelum í Köben. En teljast verður ólíklegt að forstjóri Kaupþings, **Hreiðar Már Sigurðsson**, sé með í för.

Þótt **Geir H. Haarde** teljist seint æsingamaður eru flestir á því að gáfulegt sé, eins og staðan er í dag, að lífverðir fylgi honum hvert fótmál. Sagan segir að það sem varð til þess að lífverðir voru kallaðir til hafi verið þegar veist var að Geir þar sem hann var við æfingar í World Class á Seltjarnarnesi seint í síðustu viku. Þar mun **Egill Helgason** sjónvarpsmaður einnig æfa en teljast verður ólíklegt að Egill sé æsingamaðurinn þótt hann hafi haldið uppi beinskeyttri gagnrýni á stjórnvöld að undanförnu. **-jbg**



LÁRÉTT
2. lappi, **6.** guð, **8.** mál, **9.** tímabil, **11.** 950, **12.** flækju, **14.** eyða litlu, **16.** stefna, **17.** tilvist, **18.** hélt á brott, **20.** samtök, **21.** fullnægja.

LÓÐRÉTT
1. gryfja, **3.** ólæti, **4.** köldusótt, **5.** angan, **7.** dávænn, **10.** eiturlyf, **13.** óvild, **15.** mjög, **16.** upphrópun, **19.** kyrrð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. sami, **6.** ra, **8.** tal, **9.** öld, **11.** lm, **12.** flóka, **14.** spara, **16.** út, **17.** lif, **18.** fór, **20.** aa, **21.** fróa.
LÓÐRÉTT: 1. gröf, **3.** at, **4.** malaría, **5.** ilm, **7.** allstór, **10.** dóp, **13.** kal, **15.** afar, **16.** úff, **19.** ró.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Alistair Darling
2. Extrablaðið
3. Flensborg

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hjámar og Megas ekki á Airwaves

Hjálmar og Megas og Senuþjófarnir munu ekki koma fram á Iceland Airwaves að þessu sinni. Ástæðan er einföld. Samningar tókust ekki. „Þetta strandaði aðallega á flugmiðavandræðum," segir Kiddi í Hjálmum eða Guðmundur Kristinn Jónsson, gítarleikari Senuþjófanna og Hjálma. „Ég get ekki spilað þegar vantar trommarann í bandið. Og ef menn tíma ekki að flúga með hann til landsins – þá er ekkert gigg." Kiddi er þarna að tala um Nils Olof Törnqvist sem dvelur í heimalandi sínu Svíþjóð nú um stundir.

Reyndar virðast samningamálin vera að flækjast fyrir Kidda og Hjálmum því gítarleikarinn knái rak upp stór augu þegar hann sá greint frá því í Fréttablaðinu að þeir hefðu svikið MR-inga um að koma fram á sérlegum árshátíðartónleikum á miðvikudaginn var. Og vissulega var það svo í huga MR-inga en ekki Hjálma, sem segja þetta byggja á ótrúlegum misskilningi. Og vilja ekki vera mennirnir ... „sem sviku litlu greyin í MR". Kiddi segir svo frá að Hjálmar hafi verið í Rússlandi og með þeim í rútunni á leiðinni heim hafi verið ónefndur MR-ingur sem færði það í tal við hljómsveitina að þeir spiluðu á þessum tónleikum. Hjálmar töldu í lagi að skoða það heim komnir. „Svo hringir í mig maður á miðvikudeginum, um klukkan eitt og kynnir sig frá MR, en ég er

HJÁLMAR Samningar við Iceland Airwaves sigldu í strand en samningar við MR voru aldrei til.

þá í miðjum klíðum að taka upp fiðlusnillinginn Karl Cassidy. Ég sagðist vera upptekinn og bað hann um að heyra í mér eftir hálftíma. Þetta voru allar samningaviðræðurnar sem fram fóru um gigg sem ekki var einu sinni komið á teikniborðið hjá okkur: Ekki hvar, ekki hvenær ... það eina sem lá fyrir var að við höfðum lýst yfir því að við værum til í að spila fyrir MR einhvern tíma einhvers staðar." **- jbg**

Gerðu þér glaðan dag og komdu í afmælisveislu í Tekk-Company
Fjöldi afmælistilboða – Góð stemmning

Gerum hús að heimili
Kynntu þér afmælistilboðin á www.tekk.is
Opið alla helgina

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN Afmælismynd: Gísli Egill Hrafnsson Afmælisskjól: Rokk og rósir Afmælisskaka: Jói Fel.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

Gesthús Dúna

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Svefnpokapláss kr. 1.500 nóttin

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Þegar gengið réðst á mig!

Ég var komin í haustlitaferð til Stokkhólms, borgar sem teygir sig yfir margar eyjur en er samt svo undarlega smá. Það sem lítur út fyrir að vera óravegur á korti reynist aðeins smáspotti fyrir fótgangandi ferðalang. Og þarna er nóg að sjá. Ég heilsaði upp á beinagrindurnar sem liggja svo brosmildar og rólegar í tíðinni á Vasa-safninu og kastaði kveðju á konuna sem hafði setið í hnipri í gröf sinni í mörg þúsund ár þegar hún loks fannst. Svo fór ég í búðarráp. Það eftirminnilegasta sem þar rak á fjörur mínar var ungur maður sem afgreiddi í gallabuxnabúð og hafði látið tattúvera á sér innanverða framhandleggina.

Á öðrum handleggnum stóð „AFTER DARKNESS“ en á hinum „LIGHT WILL APPEARS“. Letrið var það sama og konur nota þegar þær merkja handklæði. Þegar ég leit út um gluggann minn blöstu við mér setningar úr leikritum Strindbergs, enda Blái turninn þar sem hann bjó síðustu árin skammt undan. „Klók rotta verður að hafa marga hala“ beið mín í hvert skipti sem ég sté út á götu en nokkru neðar gat að líta setningu sem var eitthvað á þá leið að hagfræði hefði bara verið fundin upp af ríku fólki svo það gæti arðrænt þau sem minna mættu sín.

ALLAR þessar orðsendingar, hvort sem þær voru á handleggjum unga mannsins eða steyptar ofan í götuna, fannst mér hljóta að gefa mér vísbendingar um íslenskt efnahagslíf. Það var nefnilega ekki laust við að ég hefði velt því eilítið fyrir mér, kona sem eitt sinn kom fram í auglýsingaherferð fyrir KB-banka og sagði: „Vöxtur – þú færð meira.“ Meira en hvað? Ég var aldrei alveg viss en hvað um það, ég var ung og þurfti á peningunum að halda. Nú þyrfti bara að beita hyggju og bíða þetta af sér. Þá myndi ljósið skína á nýjan leik.

ÞRÁTT fyrir alla bjartsýnina kom loks að því að gengið réðist á mig og þá var ekkert annað að gera en að taka á sprett út úr verslunarhöllunum. Ég vafraði inn í Södermalm, fallega hverfið þar sem Greta Garbo ólst upp og var einmitt stödd þar í almenningsgarði þegar töfrarnir urðu. Ofan úr undurháum hlynum svifu laufin eitt af öðru, gul, brún og rauð. Ég skimaði í kringum mig og velti því fyrir mér hvort ekki væri örugglega selt inn á þessa sýningu en hvergi var lúgu að sjá. Þetta var allt svona líka algjörlega ókeypis. Sá sem lærir að meta það litla í lífinu fær alveg örugglega meira.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 11. október, 284. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.07	13.14	18.20
Akureyri	7.56	12.59	18.01

Heimild: Almanak Háskólans

2 ár í Kauptúni

Við bjóðum þér í ókeypis morgunverð um helgina milli 9:30 og 11:00

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

2.990,-
MÅLA trönur, glærlakkaður gegnheill viður. L43xB118cm.

IDBYN 3ja sæta sófi m/fótskemli. L214xD53/126, H145cm. 100% bómull. Svart/hvítt **99.900,-**

ANNONS pottasett. Inniheldur: Skaftpott 0,8 l. skaftpott m/loki 4 l. og pott með loki 2,4 l. Ryðfrítt stál. Glerlok **1.190,-**

HULDA TECKNA sængur- og koddaver B150xL200/ L50xB60cm. 100% bómull. Grænt/hvítt **995,-**

395,-/6 í pk.
IKEA 365+ glös 30 cl. Gler.

9.950,-
EXPEDIT bókahilla, B78xD39, H149cm. Lakkað. Birkiáferð

LIDAN körfur. Handofið.
1 stk. B18xD29, H19cm.
1 stk. B15xD25, H15cm.
2 stk. B15xD11, H11 cm.
Plast. Hvítt. **990,-/4 setti**

MELODI hengiljós. 75W. Ø28cm. Plast. Hvítt **995,-**

PILATORP körfur. 1 stk. B12xD12, H9cm.
1 stk. B15D15, H11cm. 1 stk. B20xD20, H14cm.
1 stk. B25xD25, H15cm. Pílviður. **495,-/4 í setti.**

9.950,-
ANEBODA rúmgrind B140x200cm. Filma. Hvítt. (Dýna og rimlabotn seld sér)

IKEA®

Opið 11-20 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 19:30
www.IKEA.is